


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Bílaleigur




Ferðamenn í stað söngs
*Söngkona Vicky rekur veitingastað á sveitabæ móður sinnar undir Eyjafjöllum.*
popp 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
31. júlí 2012
178. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Tal og tónar í Skálholti
*17. aldar tónlist fær að hljóma á fyrsta viðburði endurreistrar Þorláksbúðar.*
tímamót 22

## Hvar stöndum við?
*Við þurfum sátt um gömlu húsin og lóðirnar við Vallarstræti skrifar Torfi Hjartarson.*
skoðun 16



## Túnisar þrælgóðir
*Guðmundur Guðmundsson segir að spila þurfi fasta vörn gegn Túnisum í dag.*
sport 30

veðrið í dag




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** A-til í dag, hálfskýjað V-til framan af degi en dregur fyrir síðdegis. Stöku síðdegisskúr V-til og dálítil súld við SA-ströndina. Hiti 10-18 stig.
VEÐUR 4



**SÖGULEGUR SIGUR** Ragna Ingólfsdóttir varð fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna badmintonleik á Ólympíuleikum í gær. Ragna lagði Akvile Stapusaityte frá Litháen í tveimur lotum, 21-10 og 21-16. Ragna mætir Jie Yao frá Hollandi í kvöld í hreinni úrslitaviðureign um sæti í 16 manna úrslitum. **Sjá síðu 30.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Borað vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár

**Rannsóknarboranir vegna stöðvarhúss Hvammsvirkjunar og lengri frárennslisskurðar fóru fram í vor. Virkjunin er í biðflokki í tillögu að rammaáætlun.**

**VIRKJANAMÁL** Landsvirkjun hefur staðið fyrir rannsóknarborunum við Skarðsfjall í vor, en þar er fyrirhugað að Hvammsvirkjun rísi, verði af þeirri framkvæmd. Virkjunin, ásamt Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, er í biðflokki í tillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Virkjanirnar í neðanverðri Þjórsá hafa verið pólitískt bitbein og vakti það nokkur viðbrögð þegar í ljós kom að þær voru færðar úr nýtingarflokki í biðflokk. Rammaáætlun er í atvinnuveganefnd þingsins, en stefnt er að því að afgreiða hana sem fyrst í haust.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir mikilvægt að fara sér hægt á meðan vinnu við rammaáætlun er ekki lokið.

„Það er mikilægt að Landsvirkjun, sveitarfélögin og aðrir sem að málum koma, að því er varðar ákvarðanatöku og leyfisveitingar kringum möguleika rammaáætlunar, fari sér hægt, andi með nefinu og bíði eftir því að þingið ljúki sínu mikilvæga verkefni. Mér finnst það vera virðing við það ferli sem er í gangi.“

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir rannsóknirnar ekki kostnaðarsamar og að öllum framkvæmdum sé haldið í lágmarki. Verið sé að viðhalda hönnun og leita leiða til að gera virkjanirnar arðbærari.

Ráðherrar hafa að undanförnu kallað eftir því að rammaáætlunar verði beðið þegar kemur að framkvæmdum tengdum virkjunum. Hörður segir þessa vinnu ekki ganga gegn því. „Það liggja miklir fjárhagslegir hagsmunir til dæmis í því að viðhalda hönnun, að tryggja að það sem hefur verið ráðist í glatist ekki, verði farið í virkjanirnar.“

Boranirnar hafa farið fram í samráði við Skipulagsstofnun og landeigendur. Markmiðið er að kanna gæði bergs á stöðvarhúsalóð og möguleika á að lengja frárennslisskurð virkjunarinnar niður fyrir Ölmóðsey. „Með þessu yrði hægt að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar ef hún verður byggð því umhverfi við Ölmóðsey yrði ekki raskað,“ segir í svari Landsvirkjunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þá segir að við yfirferð tilhögunar og hönnunarforsenda virkjananna hafi komið í ljós að virkjanirnar geti orðið enn arðsamari en ætlað var. Hægt sé að lækka kostnað á hverja orkueiningu við Hvammsog Holtavirkjun um 8 prósent.

**- kóp**

Íslenskt grín í útrás:

## Mið-Ísland í dönskum þætti

**SJÓNVARP** Grínhópurinn Mið-Ísland hélt til Danmerkur í morgun á vegum framleiðslufyrirtækisins Douglas Entertainment. Hópurinn dvelur í Danmörku í viku og hittir þar forsvarsmenn Douglas Entertainment ásamt því að taka upp grínatriði sem verða sýnd í þættinum FunnyHaHa TV á sjónvarpsstöðinni Zulu.

Halldór Halldórsson, meðlimur Mið-Íslands, segir að hjólin hafi farið að snúast eftir frægt atriði hópsins um Andrés Önd, sem sló í gegn á netinu í vetur. „Upphaflega stóð til að við yrðum með einn sketch í hverjum þætti seríunnar,“ segir Halldór. „Hvort það haldi verður bara að koma í ljós.“

**- afb /** **sjá síðu 34**

Enn deilt um Grímsstaði:

## Ræða Nubo í ríkisstjórn í dag

**STJÓRNMÁL** Áform kínverska fjárfestisins Huang Nubos um uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum verða rædd í ríkisstjórn í dag að ósk Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra.


HUANG NUBO

Ögmundur hefur sagt að hann vilji koma í veg fyrir það að hluti af Grímsstöðum verði leigður Huang til afnota til fjörutíu ára. Málið hefur frá upphafi verið viðkvæmt í stjórnarliðinu og valdið titringi í ríkisstjórnarsamstarfinu.


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Í samtali við Fréttablaðið í dag veltir hann upp þeirri spurningu hvað sé ólíkt með Grímsstaðamálinu og Magma-málinu svokallaða.

**- sh, kóp /** **sjá síðu 10**


ÞEKKIR ÞÚ BLÓMIÐ?




www.forlagid.is

NÝ BÓK FRÁ HUGLEIKI




www.forlagid.is

## SPURNING DAGSINS



*Magni, er nokkuð bræðslufýla í bænum eftir hátíðina?*

„Nei, alls ekki. Maður er kannski helst í fýlu yfir að hátíðin sé búin og langt í þá næstu.“

Tónlistarmaðurinn Magni Ásgeirsson stóð fyrir tónlistarhátíðinni Bræðslunni á Borgarfirði eystri um helgina. Hátíðin þótti takast afar vel í ár.

Veiðimenn óttast sníkjudýr með vatni húsbíla en sérfræðingur er áhyggjulaus:

# Þurfa ekki að óttast húsbílavatn

**UMHVERFISMÁL** Stangveiðimenn telja ástæðu til að óttast að sníkjudýrið Gyrodactylus salaris sem leggst á laxfiska í Noregi og Svíþjóð berist fyrr en síðar með erlendum húsbílum í íslenskt vatnakerfi.

„Á sama tíma og veiðimenn eru látnir sótthreinsa fluguboxin sín streyma til landsins húsbílar erlendis frá með vatn í tönkum til neyslu og notkunar á salernum. Sníkjudýr á borð við Gyrodactylus getur lifað allt að viku tíma við réttar aðstæður án hýsils og því er auðvelt að sjá fyrir sér að húsbílar sem hingað til lands koma geti losað sýkt vatn í veiðiárnar, um leið og vatn bílsins er endurnýjað,“ segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Gísli Jónsson, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, segir þessa smitleið gríðarlega ólíklega. „Ég skoðaði þetta fyrir örfáum árum og menn þekktu engin dæmi þess að húsbílar væru að taka yfirborðsvatn einhvers staðar. Það er þakkarvert að menn skuli vera á tánum en þessar vangaveltur eru það langsóttar að ég hef engar áhyggjur. Ég hef miklu meiri áhyggjur af kjölfestuvatni með skipum sem koma hingað,“ segir Gísli Jónsson. - gar



**HÚSBÍLL VIÐ SKÓGAFOSS** Sérfræðingur hjá Matvælastofnun segir ólíklegt að sníkjudýr berist með vatni erlendra húsbíla eins og veiðimenn eru bangnir við.

Hlutbréf í Apple hækka:

# Nýr iPhone á markað í haust

**BANDARÍKIN Hlutabréf í bandaríska tölvufyrirtækinu Apple hækkuðu í verði í gær í kjölfar frétta um að nýr iPhone-sími kæmi á markað í september.**

**Vefsíðan iMore fullyrti í gær að Apple myndi kynna nýja vörulínu í haust. Þá yrði hulunni meðal annars svipt af nýjum iPhone-síma og minni útgáfu af iPad-spjaldtölvu. Samkvæmt iMore verður nýja vörulínan kynnt þann 12. september. Hlutabréf í Apple hækkuðu um 1,7 prósent í kjölfar fréttanna.** - th

Seðlabankinn kaupir evrur:

# Flug krónunnar gefur svigrúm

**EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn ætlar að tvöfalda kaup sín á evru af viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði hérlendis. „Aukið innflæði og styrking krónunnar gefa svigrúm til þess að auka nokkuð kaup Seðlabankans. Telur bankinn æskilegt að gjaldeyriskaupin standi undir vaxtagreiðslum vegna erlendra skulda ríkissjóðs og að hlutfall óskuldsetts gjaldeyrisforða hækki til lengri tíma litið,“ segir í tilkynningu frá bankanum sem hyggst nú kaupa eina milljón evra vikulega á hverjum viðskiptavaka á markaði í staðinn fyrir hálfa milljón evra eins og verið hefur í tæp tvö ár. Búast má við að þessi gjaldeyriskaup veiki gengi íslensku krónunnar.** - gar

Tekinn fyrir smygl í Noregi:

# Snoop Dogg má ekki fara til Noregs í tvö ár

**NOREGUR** Rapparanum Calvin Cordozar Broadus Jr., eða Snoop Dogg, hefur nú verið meinað að koma til Noregs næstu tvö árin.



SNOOP DOGG

Ástæðan er sú að Snoop Dogg smyglaði átta grömmum af marijúana til landsins í júní og var þar að auki með gjaldeyri að verðmæti 4,6 milljónir íslenskra króna í fórum sínum.

Snoop Dogg var sektaður á staðnum og hlaut fjársekt sem nemur rúmlega einni milljón króna. Þetta kemur fram á vef norska ríkisútvarpsins. Brottvísunin mun ekki hafa áhrif á ferðalög tónlistarmannsins í öðrum evrópskum löndum. - ktg

# Fara á hlaupahjólum landshorna á milli

**David og Andrea hófu í gær ferð sína frá Reykjavík til Egilsstaða á hlaupahjólum. Þeir hafa aðeins fimmtán daga og nota þennan merkilega fararskjóta því gangan tekur of langan tíma. Toppurinn á tilverunni að ferðast á Íslandi.**

**FÓLK** Þeir David Ceccarelli og Andrea Gesmundo eru ítalskir ferðamenn hér á landi. Það væri ekki í frásögur færandi nema hvað þeir ferðast á hlaupahjólum frá Reykjavík og ætla, á fimmtán dögum, alla leið til Egilsstaða.

Blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins hittu þá David og Andrea þegar þeir voru komnir undir Úlfarsfell rétt fyrir hádegi í gær. „Fyrst var planið að fara yfir Kjöl en nú held ég við förum bara hringveginn,“ segir David sem er þaulvanur ferðalangur á hinum ýmsu fararskjótum.

Þeir félagar eru báðir frá Toscana-héraði og búa og starfa í bænum Prato í grennd við Flórens á Mið-Ítalíu. David er vefstjóri og myndskreytir barnabækur með fram því. Andrea er endurskoðandi fyrir hið opinbera á Ítalíu og er að fara í fyrsta sinn með vini sínum í svona ferð.

„Það er engin sérstök ástæða fyrir þessari ferð,“ segir David. „Ég hef meðal annars farið á hjólabretti eftir öllum Berlínarmúrnum, ég var fyrsti Ítalinn til að ganga eftir „mænu Englands“, frá syðsta odda að landmærunum við Skotland og hef farið gangandi yfir allt Lappland.“

Í öll skiptin hefur David verið styrktur af hinum ýmsu vörumerkjum. Nú fara þeir Andrea um landið á tékkneskum hlaupahjólum.

Spurður hvers vegna þeir séu að þessu segir David: „Á flugvellinum sáum við fullt af fólki með hjólin sín og risastórar töskur undir þau. Við þurftum bara lítinn kassa undir hjólin okkar. Það er kannski aðalástæða þess að við förum á hlaupahjólum, þau eru svo fyrirferðarlítil.“



**LAGÐIR AF STAÐ** Það er löng leið sem bíður þeirra Davids og Andrea en þeir hyggjast fara á hlaupahjólum austur á Egilsstaði á fimmtán dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann segir þá félaga aðeins hafa fimmtán daga í ferðalagið. „Það var ómögulegt að ganga þessa leið á fimmtán dögum svo við gripum eitthvað sem svipar til göngunnar. Við hefðum auðvitað getað hjólað, það hefði jafnvel orðið mjög skemmtilegt, en af því að ég hef mikinn áhuga á hjólabrettum þá varð hlaupahjólið auðvitað fyrir valinu.“

„Fyrir mér er það toppurinn á tilverunni að koma til Íslands eftir að hafa farið í svona ferð til Lapplands og Bretlands. Ég hef alltaf haft áhuga á Íslandi og nú var tækifærið. Ef maður lætur tækifærin fara frá sér þegar þau gefast mun maður tapa þeim að eilífu.“

birgirh@frettabladid.is



**GRINDHVALIR VIÐ AKRANES** Hvalirnir virtust vera í æti. MYND/GUÐMUNDUR BJARKI

Grindhvalavaða á Akranesi:

# Hraktir á land og síðan burt

**UMHVERFISMÁL** „Þetta var alveg ótrúlegt að sjá,“ segir Guðmundur Bjarki Halldórsson sem í gærmorgun varð vitni að því er yfir tvö hundruð dýra grindhvalavaða athafnaði sig fáa tugi metra frá landi á Akranesi.

Guðmundur segir skoðunarbát hafa farið of nærri hvölunum. „Það fór allt á fullt og þeir stefndu að landi,“ lýsir hann. Þrír hvalanna ströndu en var bjargað á flot aftur af tveimur mönnum. Fjölda fólks dreif að og fylgdist með. Guðmundur segir að tekist hafi að stugga hvölunum á öruggari slóðir með því að nokkrir bátar náðu að sigla inn fyrir vöðuna. - gar

Íslenskur maður lést í bílslysi:

# Par alvarlega slasað eftir slys

**SLYS Íslenskur karlmaður lést og erlent par er alvarlega slasað eftir bílslys í Norðurdal nærri Steingrímsfjarðarheiði á níunda tímanum á sunnudagskvöld.**

**Fólksbíll fólksins lenti út af veginum og ofan í vegrás. Ökumaðurinn reyndist látinn þegar lögregla og sjúkralið frá Hólmavík kom á vettvang, samkvæmt tilkynningu frá lögreglu.**

**Maður og kona sem voru farþegar í bílnum voru flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann. Þau eru bæði illa slösuð og var annað þeirra talið í lífshættu í gær. Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.** - bj






Ólafur Ragnar Grímsson brýtur blað í stjórnmálasögu Íslands á morgun:

# Í embætti forseta í fimmta sinn

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson verður settur í embætti forseta Íslands í fimmta sinn við hátíðlega athöfn í Alþingishúsinu í dag. Enginn annar hefur gegnt forsetaembættinu svo lengi.

Samkvæmt dagskrá frá forsætisráðuneytinu hefst athöfnin klukkan þrjú með ættjarðarlögum á Austurvelli. Hálftíma síðar ganga forseti Íslands og forseti Hæstaréttar, forsetafrú og biskupinn yfir Íslandi, forsætisráðherra ásamt fleiri háttsettum embættismönnum úr Alþingishúsinu yfir í Dómkirkjuna. Þar verður helgistund í umsjá biskupsins yfir Íslandi að viðstöddum fyrrverandi forseta Íslands, fyrrverandi forsætisráðherra, alþingismönnum, hæstaréttardómurum, sendimönnum erlendra ríkja og mörgum fleiri boðsgestum.

Efir helgistundina er aftur farið út í hús Alþingis klukkan fjögur þar sem forseti Hæstaréttar setur Ólaf Ragnar í embætti eftir að viðstaddir hafa risið úr sætum þegar forsetahjónin ganga í salinn. „Er forseti hefur veitt kjörbréfinu viðtöku býður hann forsetafrúnni að ganga með sér fram á svalir þinghússins þar sem hann minnist fósturjarðarinnar. Viðstaddir taka undir, bæði inni og úti,“ segir í dagskrá.



**FORSETAHJÓNIN** Ólafur Ragnar Grímsson ásamt Dorrit Moussaieff þegar hann var settur í embætti forseta í þriðja sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gjallarhorn verða við Alþingishúsið og Dómkirkjuna svo að þeir sem eru utanhúss heyri það sem fram fer bæði í kirkju og þinghúsi. Að auki senda bæði Ríkissjónvarpið og -útvarpið beint frá athöfninni. - gar


Vertu snjallari með Nova!
Vertu snjallari með iPhone hjá Nova!
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4!
iPhone 4 8 GB
6.490 kr. í 18 mán.
99.990 kr. stgr.
iPhone 3GS 8 GB
3.990 kr. í 18 mán.
64.990 kr. stgr.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 3GS!
3.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4S!
iPhone 4S 16 GB
8.690 kr. í 18 mán.
139.990 kr. stgr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 30.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,25 | 121,83 |
| Sterlingspund | 190,43 | 191,35 |
| Evra | 148,83 | 149,67 |
| Dönsk króna | 20,006 | 20,124 |
| Norsk króna | 20,006 | 20,124 |
| Sænsk króna | 17,799 | 17,903 |
| Japanskt jen | 1,5501 | 1,5591 |
| SDR | 182,81 | 183,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,0575

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íbúðalánasjóður gagnrýndur fyrir að búa til húsnæðisskort á Selfossi:

# Þrjár blokkir seldar í heilu lagi

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður hyggst setja þrjár blokkir á Selfossi á sölu í einu lagi í haust. Vonast er til þess að leigufélög kaupi eignirnar og þannig verði skorturinn á leiguhúsnæði á Árborgarsvæðinu leystur.

Þetta sagði Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Eyþór Arnalds, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Árborg, er gagnrýninn á það hvernig Íbúðalánasjóður hefur haldið á málum á Selfossi eftir að hann leysti til sín blokkirnar. Margir tugir íbúða í eigu sjóðsins standi nú tómar, þótt eftirspurn eftir húsnæði á svæðinu – einkum leiguhúsnæði – sé mikil.



SIGURÐUR ERLINGSSON



EYÞÓR ARNALDS

„Þarna er opinber íbúðabanki að búa til skort með því að leysa til sín eignir og koma þeim ekki á markað,“ segir hann. „Þetta veldur þrenns konar vanda; fólk fær ekki íbúðir, fasteigna- og leiguverð helst óeðlilega hátt og svo hefur þetta bein áhrif á neysluvísitöluna og hækkar þannig lánin okkar.“

Eyþór fagnar því að Íbúðalánasjóður hyggst selja leigufélögum íbúðirnar en minnir á að það geti verið nokkuð langt í að það verði að veruleika.

**- sh, jmi**

Árásin í Colorado:

## Holmes hefur verið ákærður

**BANDARÍKIN** John Holmes, sem myrti tólf manns á miðnætursýningu nýjustu Batman-myndarinnar í Colorado í Bandaríkjunum, hefur verið ákærður. Ákæran er í 142 liðum.

Ekki er búið að ákveða hvort farið verður fram á dauðarefsingu yfir Holmes, sem er 24 ára.

Hátt í sextíu særðust í árásinni og eru tíu þeirra enn á sjúkrahúsi, þar af eru fjórir enn í lífshættu. Holmes var doktorsnemi í taugaskurðlækningum en talið er að hann sé haldinn geðhvarfasýki.



**Í DÓMSALNUM** Þrír meðlimir kvennapönksveitarinnar Pussy Riot í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Pussy Riot neitar sök:

## Gæsluvarðhald í hálft ár enn

**RÚSSLAND** Rússneska kvennapönksveitin Pussy Riot neitar ásökunum um að hafa verið með óspektir á almannafæri, en þarf að dúsa í hálft ár áfram í gæsluvarðhaldi.

Hljómsveitarmeðlimir voru leiddir fyrir dómara í gær, eftir að hafa setið fimm mánuði í gæsluvarðhaldi. Þær efndu til tónlistar- og mótmælauppákomu í helstu kirkju landsins hálfum mánuði fyrir forsetakosningar í mars, í óþökk kirkjunnar jafnt sem stjórnvalda. Vladimír Pútín forseti hefur forðast að segja nokkuð um málið sem vakið hefur mikla athygli jafnt innan sem utan Rússlands. **- gb**

Romney hneykslar í Ísrael:

## Segir Ísraela hafa yfirburði

**ÍSRAEL, AP Bandaríski forsetaframbjóðandinn Mitt Romney segir Ísraela hafa menningarlega yfirburði gagnvart Palestínumönnum og segir velgengni Ísraela í efnahagsmálum staðfesta það.**

**Ummælin fóru illa fyrir brjóstið á Palestínumönnum sem segja hann greinilega lítið vita bæði um Palestínumenn og Ísraela.**

**Romney hefur verið á ferðalagi, meðal annars til að safna fé í kosningasjóði sína. Ummælin lét hann falla í Ísrael í gær, en hélt síðan til Póllands.** **- gb**

# Sprengjum rignir enn yfir íbúa Aleppo

**Stjórnarhernum í Sýrlandi virðist lítið verða ágengt í Aleppo, fjölmennustu borg landsins, þrátt fyrir harðar árásir með þungavopnum, skriðdrekum og herþotum. Mannúðarfulltrúi SÞ telur almenning vera í mikilli hættu.**

**SÝRLAND** „Ég hef miklar áhyggjur af áhrifum sprengjuárása og notkun skriðdreka og annarra þungavopna á íbúa í Aleppo,“ segir Valerie Amos, mannúðarfulltrúi Sameinuðu þjóðanna.

„Margir hafa leitað skjóls til bráðabirgða í skólum og öðrum opinberum byggingum á öruggari svæðum,“ bætti hún við: „Þau eru í brýnni þörf fyrir mat, dýnur og teppi, hreinlætisvörur og drykkjarvatn.“

Leon Panetta, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segir að þessar þungu árásir stjórnarhersins á borgina dragi enn úr stuðningi við stjórn Bashars al-Assads meðal almennings.

„Ég held að á endanum verði þetta nagli í líkkistu Assads,“ sagði Panetta. „Stjórnartíð hans er að enda komin.“

Í gær skýrði utanríkisráðuneyti Bretlands frá því að Khaled al-Ayoubi, yfirmaður sýrlenska sendiráðsins í London, styðji ekki lengur Sýrlandsstjórn. Ayoubi hefur verið staðgengill sendiherra Sýrlands í London síðan sendiherrann var kallaður heim fyrr á þessu ári.

Stjórnarherinn sagðist í gær hafa náð aftur á sitt vald einu hverfa borgarinnar, „hreinsað svæðið“, eins og þeir komust að orði, en leiðtogi sýrlenska uppreisnarhersins í Aleppo fullyrðir að stjórnarherinn hafi ekki náð „einum metra“ á sitt vald.

Erfitt er fyrir erlenda fréttamenn og fulltrúa alþjóðastofnana að meta hvað hæft er í yfirlýsingum stríðandi fylkinga og enginn veit hve mikið mannfall hefur orðið.



**SÝRLENSKUR UPPREISNARMAÐUR Í ALEPPO** Sýrlenski herinn mætir harðri mótspyrnu þrátt fyrir öflugan vopnabúnað. NORDICPHOTOS/AFP

Margt bendir til þess að pattstaða geti myndast, ekki ólík þeirri sem ríkt hefur um skeið í borginni Homs þar sem uppreisnarmenn hafa sum hverfi á valdi sínu en stjórnarherinn önnur.

Uppreisnarherinn í Sýrlandi er reyndar langt frá því að vera samstæð heild, því hann samanstendur af fjölmörgum hópum sem sumir starfa saman en aðrir ekki. Markmið þeirra eru líka mjög ólík; margir eru stjórnarandstæðingar sem hafa gripið til vopna en innan um eru herskáir íslamistar og hryðjuverkahópar sem segjast tengjast Al Kaída-netinu.

Þessir síðastnefndu eru bæði Sýrlendingar, sem börðust með Al Kaída í Írak, og svo hafa á síðustu vikum streymt herskáir íslamistar frá Tyrklandi sem hafa í hyggju að taka þátt í bardögum gegn stjórnarhernum í Aleppo.

Óvíst er með öllu hvað við tekur falli stjórn Assads.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**BJARNDÝR** Særður björn gengur nú laus í Norður-Noregi. Hann var skotinn þegar hann réðst á sauðfé og gæti verið hættulegur.

Viðvörun í Noregi:

## Særður björn ógnar öryggi

**NOREGUR Lögregla og Náttúruvernd ríkisins í Noregi leita nú að særðu bjarndýri í Saltdal í norðurhluta landsins og hafa beðið almenning á svæðinu að hafa varann á.**

**Dýrið var skotið á sunnudag eftir að hafa ráðist á sauðfé, en komst undan á flótta.**

**Bjarnarins er leitað bæði úr lofti með þyrlum og með leitarhundum á jörðu niðri, en var enn ófundinn í gær.**

**„Björninn gæti hafa komist langt eftir að hann var skotinn og gæti verið hættulegur,“ hefur Aftenposten eftir Margrethe Torseter hjá lögreglunni í Salten.** **- þj**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fíkniefnasali tekinn í Eyjum**

Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók fíkniefnasala um þrítugt aðfaranótt laugardags og gerði í framhaldi húsleit á heimili hans. Þar fundust 70 grömm af amfetamíni og nokkuð af peningum, sem taldir eru vera ávinningur af afbrotum. Maðurinn viðurkenndi að hafa staðið í fíkniefnasölu og telst málið upplýst.




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**BIRTIR TIL** V-lands á morgun. Nú höfum við fengið smá gróðurskúr V-til en á morgun er það aftur út á sólpall. Fremur hæg NA-læg átt næstu daga og þá má búast við þokulofti við N-og A-ströndina. Kólnar dálítið NA-til en spáir hlýnandi aftur á föstudaginn.




**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur.

**FIMMTUDAGUR**
Fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 18° |
| París | 25° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**Ef þú ert með F plús færð þú aðstoð hjá Bílahjálp VÍS**

Kom eitthvað upp á? Er bíllinn til dæmis rafmagnslaus, dekk sprungið eða vantar eldsneyti? Með F plús fjölskyldutryggingu færð þú aðstoð hjá Bílahjálp VÍS hvenær sem er sólarhringsins og víðast hvar á landinu. Hafðu samband og hjálpin er á næsta leiti. Þú finnur nánari upplýsingar um verð og þjónustu á vefsíðu VÍS.

Vátryggingafélag Íslands | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | 560 5000 | vis.is

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með íslensku keppendunum á Ólympíuleikunum í Lundúnum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53% |
| NEI | 47% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að hækka eigi barnabætur og fæðingarorlofsgreiðslur?*

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Innanríkisráðherra um mismunandi fyrirkomulag öryggisskoðunar á flugvöllum:

# Fara yfir öryggisleit á Leifsstöð

**SAMGÖNGUR** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hyggst fara yfir fyrirkomulag öryggisleitar á Keflavíkurflugvelli til að skera úr um hvort lengra sé gengið í þessum málum hér á landi en annars staðar. Þetta kemur fram í frétt á vefnum Túristi.is.

Vefurinn hefur undanfarið vakið athygli á að lengra virðist gengið í öryggisskoðun á Keflavíkurflugvelli en víðast hvar annars staðar. Meðal annars sé þess krafist að allir farþegar fari úr skófatnaði þegar farið er í gegnum öryggisleit án þess að sérstök krafa sé gerð til slíks, hvorki hjá flugmálayfirvöldum í öðrum löndum eða flugfélögum.

Túristi.is hefur eftir Ögmundi að hann kannist af eigin raun við að það sé misjafnt eftir flugvöllum hvort farþegar séu látnir fara úr skóm eða ekki við öryggisleit fyrir flugferð. Því muni hann funda með Flugmálastjórn og Isavia til að skera úr um hvort hér sé óþarflega langt gengið við öryggisleit. Á vefnum kemur fram að á Norðurlöndunum og á helstu flugvöllum í Evrópu séu farþegar sjaldnast skyldaðir til að fara úr skóm. Í Bandaríkjunum hafi svo reglur verið rýmkaðar nýlega þannig að börn yngri en tólf ára og eldri borgarar yfir 75 ára aldri þurfa ekki að fara úr skóm. -þj



**EFTIRLIT** Ráðherra hefur boðað yfirferð á framkvæmd öryggisleitar í Leifsstöð.

Grunaður um þrjú innbrot:

# Þekktur þjófur tekinn höndum

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók stórtækan þjóf í miðbæ Reykjavíkur á sunnudagskvöld. Lögregla hefur oft þurft að hafa afskipti af honum vegna þjófnaðarmála. Í þetta sinnið er hann grunaður um þrjú innbrot.

Fyrst barst tilkynning um innbrot á hótel og tvær aðrar fylgdu fljótlega í kjölfarið. Myndir úr öryggismyndavélum komu lögreglu fljótlega á spor mannsins.

Í fórum mannsins, sem er rúmlega tvítugur, fannst ýmiss konar þýfi, svo sem föt og myndavélar.- sh

Verkefnisstjórn skipuð:

# Kortleggja mannréttindi

**STJÓRNSÝSLA** Komið hefur verið á fót verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta, innanríkis-, velferðar- og utanríkisráðuneytis, um kortlagningu og stefnumótun í mannréttindamálum. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, stýrir starfinu, en kynna á ríkisstjórn áfangaskýrslu í byrjun september.



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Mannréttindastarf íslenskrar stjórnsýslu verður kortlagt og hvernig kröftum Íslands á erlendri grundu verður best varið. Þá verður einnig mótuð stefna um framtíðarskipan Mannréttindadómstóls Evrópu, sérstaklega hvernig ákvörðunum hans verður framfylgt. - kóp

Ofbeldismanns leitað:

# Pissaði og varð fyrir líkamsárás

**LÖGREGLUMÁL Ráðist var á mann þar sem hann var að kasta af sér þvagi á bak við skemmtistaðinn Happy hour í Þorlákshöfn rétt fyrir klukkan tvö aðfaranótt laugardags.**

**Að sögn lögreglu var árásarmaðurinn einn á ferð, réðst aftan að manninum, hafði hann undir og lét hnefahögg dynja á andliti hans. Fórnarlambið nefbrotnaði.**

**Sá sem varð fyrir árásinni kveðst hvorki hafa þekkt árásarmanninn né vita hvað honum hafi gengið til. Hann lýsir árásarmanninum sem 180 sentimetra háum, grannvöxnum og burstaklipptum í röndóttri skyrtu. Hann er ófundinn.** - sh

# Sjómenn vilja breytt lög um strandveiðar

**Breyta ætti lögum um strandveiðar svo veiðidagar hitti ekki á tímabil þar sem fiskverð er lágt segir formaður smábátasjómanna. Þrátt fyrir viðræður náðist ekki samkomulag um að fresta strandveiðum þar til eftir verslunarmannahelgi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Stjórnvöld ættu að tryggja að í framtíðinni hefjist strandveiðar í ágúst ekki dagana fyrir verslunarmannahelgi, segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.

Mikil óánægja er meðal strandveiðimanna með að tímabil strandveiða skuli hefjast 1. ágúst, enda stórar fiskvinnslur lokaðar um helgina og því líklegt að verð á fiskmörkuðum verði lágt.

Arthur segir ljóst að stjórnvöld hafi engar heimildir til að bregðast við þetta árið, en rétt sé að taka málið til rækilegrar endurskoðunar fyrir næsta sumar og breyta reglunum svo veiðarnar hitti ekki á svo óheppilega daga.

„Við munum reyna að fá ráðuneytið í samvinnu við að gera þetta þannig úr garði að sem minnst hætta sé á verðföllum af þessu tagi,“ segir Arthur.

Strandveiðar fara fram fyrstu dagana í hverjum sumarmánuði, og hefjast því á morgun, 1. ágúst. Veiðarnar stöðvast þegar heildarafla er náð og klárast því yfirleitt á nokkrum dögum. Því geta strandveiðimenn ekki beðið með að halda til veiða, enda hætt við að þá verði lítið til skiptanna ef aðrir fara á sjó.

Arthur segir strandveiðimenn hafa rætt um að bindast samtökum um að róa ekki fyrr en eftir verslunarmannahelgi. „Ég veit að menn eru að tala saman, en ég hef ekki heyrt að það sé neitt samkomulag um það, og ósennilegt að samkomulag náist úr því sem komið er,“ segir Arthur.

Hann segir það huggun harmi gegn að mögulega verði fiskverðið á markaði ekki jafn lágt og menn hafi haldið. „Þetta breytir því ekki að þetta eru augljóslega ekki heppilegustu dagarnir til að róa á,“ segir Arthur.



**VEIÐAR** Strandveiðimenn eru í kapphlaupi hver við annan um að ná sem mestum afla þar til potturinn klárast, og því geta einstakir sjómenn ekki frestað veiðum þar til eftir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við munum reyna að fá ráðuneytið í samvinnu við að gera þetta þannig úr garði að sem minnst hætta sé á verðföllum af þessu tagi.“
>
> **ARTHUR BOGASON**
> FORMAÐUR LANDSSAMBANDS SMÁBÁTAEIGENDA

Eins og fram kom í Fréttablaðinu nýverið hafa fjölmargir strandveiðimenn haft samband við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og óskað eftir því að ráðherra fresti strandveiðum þar til eftir helgi. Til þess hefur hann enga heimild samkvæmt lögunum. Eina úrræði ráðherra til að hafa slík áhrif væri því væntanlega að setja bráðabirgðalög, og nær útilokað er að það verði gert.

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna málsins í gær.

brjann@frettabladid.is



**FASTEIGNIR** Alls var 88 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fasteignasala í síðustu viku:

# 88 kaupsamningum þinglýst

**FASTEIGNAMARKAÐUR Alls var 88 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu frá 20. til 26. júlí. Á vef Þjóðskrár segir að 64 samningar hafi verið um eignir í fjölbýli, átján um sérbýli og sex um aðrar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarvelta var 2.542 milljónir króna og meðalupphæð á samning 28,9 milljónir króna.**

**Þetta er eilítið minna en á sama tíma í fyrra þegar 109 samningum var þinglýst. 108 samningum hefur verið þinglýst að meðaltali í viku hverri á höfuðborgarsvæðinu síðustu tólf vikur.** - þj

Vildi stela kortanúmerum:

# Hlaut 9 mánaða fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi nýverið erlendan karlmann á þrítugsaldri í níu mánaða fangelsi fyrir að koma fyrir afritunarbúnaði á hraðbanka í miðborg Reykjavíkur.

Dómurinn féll 20. júlí og hóf maðurinn afplánun strax í kjölfarið. Búnaðurinn fannst tæpum tveimur vikum fyrr, þann 7. júlí, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu. Dómurinn hefur enn ekki verið gerður opinber á vef Héraðsdóms Reykjavíkur, og ekki var hægt að nálgast dóminn í gær þar sem dómstóllinn er lokaður vegna sumarfría. - bj


VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Góður dagur til að vera í Vildarklúbbunum!

Sem þakklætisvott fyrir góðar viðtökur fá meðlimir í Vildarklúbbi Eymundsson
500 króna afslátt af bók eða tímariti af eigin vali í dag í verslunum okkar.

**Hvaða bók langar þig í?**

Athugið að þeir sem skrá sig í klúbbinn fá afsláttinn sinn um leið.



Vildargjöf 2012

500 krónur

500 króna afsláttur af bók eða tímariti að eigin vali þann 31. júlí 2012. Sýnið Vildarkortið eða gefið upp kennitölu til þess að nýta vildargjöfina.

Gildir aðeins í dag 31. júlí 2012 þegar keypt er fyrir 1.500 eða meira.

100PENAVISUN3




Eymundsson
Bóksali frá 1872




**50% AFSLÁTTUR**
COLUMBIA NORTHBEND GÖNGUSKÓR
Stærðir 38–49
**9.990 kr.**
FULLT VERÐ 19.990 kr.





**CAMPINGAZ** KÆLIBOX 28 L
Með 12 v bílatengi
**11.490 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



**COLEMAN** TAURI CONNECT X3 TJALD
Vandað tjald. Fljótleg uppsetning.
**24.900 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.



**COLEMAN** LOFTDÝNA
Einbreið
**3.990 KR.**
FULLT VERÐ 5.490 KR.



**DIDRIKSONS** BASE JAKKI
KK og KVK stærðir 130–170
**8.990 KR.**
FULLT VERÐ 12.990 KR.




**ABUMATIC** JUNIOR VEIÐISETT
**3.192 KR.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.



**COLEMAN** ÚTILEGUSTÓLL MEÐ ÖRMUM
Sterkur og samfellanlegur
**7.992 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.



**DIDRIKSONS** GRIND SKEL
KK stærðir S–XXL
KVK stærðir 36–44
**17.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**GÚMMÍTÚTTUR**
ÞESSAR GÖMLU GÓÐU!
Stærðir 25–35
**3.432 KR.**
FULLT VERÐ 4.290 KR.
Stærðir 35–46
**3.992 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.



**PRIMUS** TJALDHITARI
Sígildur tjaldhitari sem hitar vel
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

! LOKAÐ LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

MOUNTAIN HARD WEAR • DIDRIKSONS1913 • Columbia Sportswear Company • montrail • DEVOLD • VIKING • Coleman • TATONKA • CAMPINGAZ • SCOTT • Remington • WINCHESTER • HARDY • Abu Garcia FOR LIFE

PIPAR\TBWA • SÍA • 122093-3107

**FRÉTTASKÝRING:** Áhugi Huang Nubos á Grímsstöðum á Fjöllum

# Vandræðamál fyrir ríkisstjórnina

**Áhugi kínverska fjárfestisins Huang Nubos á kaupum á Grímsstöðum á Fjöllum undir ferðamannaaðstöðu hefur verið ríkisstjórn Íslands vandræðamál. Innanríkisráðherra hefur reynt að stöðva málið en samráðherrar hans hafa verið því fylgjandi. Ræða á málið í ríkisstjórn í dag.**

Sala jarðar á Norðausturlandi ætti ekki, undir eðlilegum kringumstæðum, að vera mál sem veldur ríkisstjórn Íslands vandræðum. Fyrirætlanir kínverska fjárfestisins Huang Nubos um uppbyggingu ferðamannastaðar á Grímsstöðum á Fjöllum hefur hins vegar verið ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hausverkur og tilefni til umræðu um mun stærri mál en uppbyggingu á svæðinu.

Fregnir bárust af því í fyrra að Huang Nubo hefði áhuga á að festa kaup á Grímsstöðum á Fjöllum. Kaupverðið var í áður óþekktum hæðum, um einn milljarður íslenskra króna.

Ekki skemmdi fyrir áhuganum að fyrirætlanir hans voru stórtækar. Á teikniborðinu er 100 herbergja lúxushótel, 100 herbergja fjölskylduhús, hestabúgarður og golfvöllur á Fjöllum. Í Reykjavík vill hann síðan reisa 300 herbergja hótel. Rætt hefur verið um að áformin fyrir norðan ein og sér kosti rúmlega 16 milljarða króna.

### Ríkisborgararéttur eða búseta

Íslensk löggjöf hefur áratugum saman verið sniðin að því að koma í veg fyrir að útlendingar eignist hér landsvæði. Í lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, frá 1966, er kveðið á um að enginn megi öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi nema vera íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi. Sé félag stofnað um starfsemina verða allir í því að vera íslenskir ríkisborgarar, eða að hafa haft lögheimili hér á landi samfellt í að minnsta kosti fimm ár.

Þegar Ísland gekk í EES árið 1993 var þessum lögum breytt þannig að sömu ákvæði giltu fyrir íbúa EES-svæðisins og Íslendinga.

Hægt er að gefa undanþágu frá þessari almennu reglu og er það á forræði innanríkisráðherra, en hann hafnaði slíkri beiðni í nóvember.

Árið 2010 setti Alþingi lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Þar eru ýmis skilyrði sett um veitingu ívilnana, en þær felast í undanþágu frá fyrrgreindum lögum.

Til að flækja málið enn frekar snerta önnur lög þetta mál, eða lög um einkahlutafélög frá 1994. Tvö íslensk félög Huangs hafa sótt um undanþágu frá búsetuskilyrðum í þeim lögum og hefur efnahags- og viðskiptaráðuneytið veitt hana.

### Ögmundur segir nei

Eins og fyrr segir hafnaði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra beiðni um undanþágu frá lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Hann sagðist einungis fylgja lögunum við ákvörðun sína, en hafði þó ekki farið dult með andstöðu sína við áformin. Ekki var að heyra á honum að hann teldi málið eiga eftir að hafa áhrif á stjórnarsamstarfið.

„Ég held að það geti ekki truflað stjórnarsamstarfið þótt farið sé að íslenskum lögum," sagði hann í samtali við Fréttablaðið og kallaði eftir sanngirni í mati á ákvörðun sinni.

Engu að síður fór þó svo að málið olli titringi í ríkisstjórn. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði Ögmund styðjast við þrönga lagatúlkun. „Ákvörðunin veldur mér vonbrigðum," sagði hún við Vísi.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði í kjölfar ákvörðunarinnar að það væri ekkert leyndarmál að fullt af fólki innan Samfylkingarinnar væri orðið pirrað á samstarfinu.

Árni Páll Árnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði ákvörðunina vekja spurningar um ríkisstjórnarsamstarfið. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagðist ósammála ákvörðuninni, en málið mundi ekki sprengja ríkisstjórnina.

Ekki spöruðu þingmenn Samfylkingarinnar þó stóru orðin.

„Þetta er brjáluð ákvörðun tekin í forherðingu af ráðherra sem líklega er vanhæfur í málinu vegna fyrri yfirlýsinga," sagði Sigmundur Ernir Rúnarsson. Kristján Möller sagði Ögmund vanhæfan og að ákvörðunin hefði áhrif á stuðning hans við ríkisstjórnina. „Þessi kross fer í kladdann og ég veit ekki hvað það er pláss fyrir marga krossa í viðbót þar."

### Varað við öðrum leiðum

Fljótlega eftir ákvörðun Ögmundar kom til tals að ýmsar leiðir væru færar í málinu, til dæmis sú sem nú er verið að fara með leigu á landinu. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði það jákvæðar fréttir, reynt yrði að leiðbeina Huang í gegnum íslenskt lagaumhverfi.

Ögmundur var ósáttur við þá yfirlýsingu og sagðist, í samtali við Ríkisútvarpið, vonast til að ekki væri verið að leiðbeina fjárfestinum framhjá íslenskum lögum. Það vakti aftur reiði iðnaðarráðherra sem sagði um þau ummæli við Fréttablaðið 5. desember:

„Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð undrandi á þeim, að hann skuli ætla okkur að gera eitthvað slíkt og skuli ákveða að dylgja um slíkt án þess að tala við kóng eða prest áður en það er gert."

Ljóst má því vera að málið hefur lengi valdið titringi í stjórnarsamstarfinu og gæti gert enn.



**RÍKISSTJÓRN** Hugmyndir um uppbyggingu á ferðamannasvæði á Grímsstöðum á Fjöllum verða aftur á borði ríkisstjórnarinnar í dag. Ljóst er að málið hefur lengi verið stjórninni óþægur ljár í þúfu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is


## Hvað með Magma? spyr ráðherra



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Málið verður á dagskrá ríkisstjórnar í dag, að ósk Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra. Hann segir að ef menn telji sig nauðbeygða til að veita öllum fyrirtækjum undanþágu frá hinni almennu reglu varðandi kaup eða leigu á fasteignum hér á landi, sé í raun búið að afnema lögin. Þá sé búið að skapa reglu sem geri stjórnvöldum ókleift að beita hinum almennu lögum. En til hvers þá að vera með heimild til veitingar undanþágu, ef beiting hennar hefur jafn alvarleg áhrif?

„Það má deila um hvers vegna þessi undanþáguheimild er veitt. Það kunna að vera hér aðstæður uppi þar sem þú viljir, á málefnalegum forsendum, heimila einhverjum að taka þátt í atvinnustarfsemi hér, á grundvelli sérstakrar undanþágu. Ef síðan er ályktað í kjölfarið á grundvelli jafnræðisreglu að þar með hljótir þú að veita öllum þann rétt; þá hafa lögin ekki lengur gildi."

Ögmundur spyr hvað sé öðruvísi varðandi hugmyndir kínversks fjárfestis í ferðaþjónustu, eða kaup kanadísks fjárfestis á orkufyrirtæki.

„Þegar kanadískur auðmaður, sem átti heima í skúffu í Svíþjóð, fjárfesti í jarðhitafyrirtæki hér á Suðurnesjum, og þá vísa ég í Magma-málið, þá voru áhöld um hvort heimild hefði verið fyrir slíku. Ef hann nú á grundvelli þessarar lagasetningar hefði sótt um heimild til að gerast íslenskt fyrirtæki, þótt það væri erlent að uppistöðu til, þá væri þessi almenna lagaregla farin."








Grillbúðin
8.900
AFMÆLIS TILBOÐ
150
AFMÆLIS TILBOÐ
Einnota kolagrill
600
AFMÆLIS TILBOÐ
Grilltangasett
Grillvökvi 1 ltr
300
AFMÆLIS TILBOÐ
79.900
AFMÆLIS TILBOÐ
350 - 400 cm
2 gerðir 3 litir
Rafdrifin
Sólarsella
Fjarstýring
www.grillbudin.is
129.900
AFMÆLIS TILBOÐ
99.900
AFMÆLIS TILBOÐ
3 viðarlitir
í boði
29.900
AFMÆLIS TILBOÐ
LANDMANN
Er frá Þýskalandi
44.900
AFMÆLIS TILBOÐ
39.900
AFMÆLIS TILBOÐ
34.900
AFMÆLIS TILBOÐ
BÄST I TEST!
Grilltunna
43.900
AFMÆLIS TILBOÐ
7.900
AFMÆLIS TILBOÐ
Fyrir svalahandrið
Verð frá
6.990 m2
AFMÆLIS TILBOÐ
Útiparket
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
GARVIDA
EXTERIEUR
Er frá Þýskalandi
Belardo
Outdoor Collection
Er frá Þýskalandi

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar var tónlistarhátíðin Bræðslan haldin?*
2. *Hvaða fyrirtæki hefur Umhverfisstofnun bannað að sigla upp að arnarhreiðrum?*
3. *Hvaða tegund af hval mátti líta í Njarðvík og Keflavík um helgina?*

**SVAR**

**1.** *Á Borgarfirði eystri* **2.** *Sæferðum* **3.** *Grindhval*

Fleiri sækja um nýtt vegabréf í ár en í fyrra:

# Vegabréfin rjúka út þetta árið

**SAMFÉLAGSMÁL** Þjóðskrá Íslands gaf út mun fleiri vegabréf í júní heldur en á sama tíma í fyrra. Munurinn nemur 22,5 prósentum. Í júní voru 6.932 vegabréf gefin út en í fyrra voru þau 5.658.

„Skýringin liggur að hluta í því að 23. maí árið 2006 breyttust vegabréfin og var þá örflögu komið fyrir í þeim öllum. Samfara þessu var gildistími vegabréfanna styttur úr tíu árum niður í fimm ár,“ segir Gígja Hjaltadóttir, fulltrúi hjá Þjóðskrá Íslands.

„Nú er verið að endurnýja tvo árganga, bæði gömlu vegabréfin sem gefin voru út fyrir tíu árum og fyrstu árgangana af vegabréfum með örflögunni“.

Gígja bendir á að þetta geti þó varla skýrt hvers vegna fleiri hafa sótt um nýtt vegabréf í ár, þar sem endurnýjunin á vegabréfum með fimm ára gildistíma hófst 2011.

„Við héldum að þetta yrði stöðugt frá því í fyrra, en svo er ekki,“ segir Gígja.

„Ætli þetta skýrist ekki helst af ferðaþrá landsmanna.“ **- ktg**



**VEGABRÉF** Nýju vegabréfin gilda aðeins í fimm ár sem skýrir að hluta hvers vegna fleiri sækja um nýtt vegabréf í ár. Vegabréf án örflögu sem ekki eru útrunnin eru þó í fullu gildi enn þá. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Stjórnarandstaðan í Úkraínu:

# Tímósjenkó í forystuframboð

**ÚKRAÍNA Stjórnarandstöðuflokkarnir í Úkraínu hafa ákveðið að sameinast um Júlíu Tímósjenkó sem forystuframbjóðanda sinn í þingkosningum í haust.**

**Þetta hafa flokkarnir ákveðið jafnvel þótt Tímósjenkó sitji í fangelsi dæmd fyrir að hafa misnotað völd sín þegar hún var forsætisráðherra.**

**Dómurinn yfir henni hefur verið harðlega gagnrýndur og stjórnvöld sökuð um að misnota sér dómstólana til að koma höggi á þennan andstæðing sinn.** **- gb**

Verkefnið Torg í biðstöðu:

# Hátíð haldin á Markúsartorgi við Gerðuberg

**SAMFÉLAGSMÁL** Opnunarhátíð Iðjubergs og Gylfaflatar verður haldin klukkan 13 í dag á Markúsartorgi við Gerðuberg. Á hátíðinni mun fjöldi góðra gesta koma fram auk þess sem haldin verður sölusýning með listmunum frá Iðjubergi og Gylfaflöt.

„Það er frábær stemning í hópnum, við erum öll rosalega spennt og hlökkum mikið til,“ segir Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Gylfaflatar og Iðjubergs. Tara Þöll Eurovisionfari fatlaðra mun taka lagið á hátíðinni, Elfa Dögg uppistandari mun einnig koma fram og trúðarnir Jóhann og Jóhanna úr Sirkus Íslands.

Verkefnið Torg í biðstöðu snýst um að lífvæða biðsvæði með tímabundnum lausnum. **- ktg**

**HVER ÞREMILLINN!**

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Sléttuvegurinn alls ekki sléttur

Árvakur lesandi sendi Fréttablaðinu myndir frá Sléttuvegi við Fossvog. Fræst hefur verið upp úr veginum og mikið af glerbrotum liggur nú í fræsingunni. Einnig er stígur í botni götunnar lýstur upp, en stígurinn sjálfur einungis malarvegur.

Lesandinn bendir á að mikið af eldri borgurum og hreyfihömluðum búi í næstu húsum sem eigi erfitt með að ferðast um í jafn miklum torfærum.

„Stígurinn er inni á byggingarsvæði og það er fyrirhugað að byggja austan megin við stíginn. Við slíkar framkvæmdir fara stígar gjarnan mjög illa. Við værum að henda peningum ef við færum út í stígagerð þarna,“ segir Jóhann S. D. Christiansen, starfsmaður skrifstofu gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar. Hann bendir á að skammt frá sé fullbúinn stígur.

„Það er annar stígur 26 metrum frá þessum. Hann er fullgerður og reiknað er með að umferðin fari um hann.“ Í sambandi við fræsta malbikið á Sléttuveginum segir Jóhann lítið mál að sópa glebrotunum upp, en malbikunin fari fram samfara frekari uppbyggingu á svæðinu. **- ktg**



**GLERBROT Á VEGINUM** Lesandi bendir á að mikið af glerbrotum séu á veginum.



**UMHVERFI VIÐ SLÉTTUVEG** Stígurinn virðist enda á miðri leið og við tekur malarvegur. Slíkt getur reynst mikil hindrun fyrir fólk sem á erfitt með gang eða ferðast um í hjólastól.



# FORD **MONDEO** Trend **frá 3.990.000 kr.**
# FORD **MONDEO** Titanium **frá 4.310.000 kr.**

Nú fæst Ford Mondeo á frábæru verði. Kauptu í dag Ford Mondeo. Hann er rúmgóður, ríkulega útbúinn, bensín eða dísil og fæst bæði sjálfskiptur og beinskiptur. Veldu sparneytinn Ford Mondeo. Hagkvæmur í rekstri. Ávalar og fallegar línur. Grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Lipur, þægilegur og sparneytinn. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **MONDEO** TREND

FRÁ

**29.191 kr./mán.***

* Ford Mondeo Trend 5 dyra 1,6TDCi dísil, 115 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 2.300.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,73%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tíminn líður án þess að nokkuð bóli á lausn á flugvallarmálum vegna innanlandsflugs:

## Aðalskipulagi ber að hlíta

Gildandi aðalskipulag var samþykkt fyrir áratug. Samkvæmt því á í Vatnsmýrinni í Reykjavík, þar sem nú er flugvöllur sem þjónar innanlandsflugi, að vera blönduð byggð með íbúðum og þjónustu- og atvinnuhúsnæði.

Engin teikn eru á lofti um að farið sé að huga að færslu flugvallarins þrátt fyrir að samkvæmt aðalskipulaginu eigi önnur flugbrautin að víkja árið 2016 og flugvöllurinn að vera alfarinn úr mýrinni átta árum síðar.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Svo virðist sem þegjandi samkomulag flugmálayfirvalda og flugrekstraraðila hafi verið þessi tíu ár sem liðin eru frá því aðalskipulagið var samþykkt um að láta sem það sé ekki til.

Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að færa flugvöllinn innan höfuðborgarsvæðisins eða undirbúa flutning innanlandsflugs til Keflavíkur. Ekki hefur heldur verið hægt, vegna aðalskipulagsins, að byggja upp og ekki einu sinni viðhalda með eðlilegum hætti mannvirkjum á Reykjavíkurflugvelli í Vatnsmýri. Þetta er bæði ábyrgðarlaust og í raun algert klúður af hálfu þessara aðila.

Í grein sem borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson skrifar í blaðið í gær ítrekar hann að vilji borgarfulltrúa í Reykjavík sé að tryggja samgöngur allra landsmanna til og frá borginni. Þeim sé hins vegar líka falið að skipuleggja byggðina í borginni til framtíðar og í því samhengi sé ekki hægt að líta fram hjá þeim kostum sem landið í Vatnsmýri er búið. „Með byggð í Vatnsmýri geta borgaryfirvöld náð markmiðum sínum um styttri ferðatíma, fjölbreytilegri ferðamáta, minni mengun, meiri sjálfbærni og þétta og skemmtilega borg," segir Gísli Marteinn meðal annars í grein sinni.

Umræður um flugvöllinn í Vatnsmýri hafa tilhneigingu til að verða æði tilfinningaþrungnar. Það er auðvelt að setja sig í spor þeirra sem nota flugvöllinn mikið og hafa, eins og gefur að skilja, lítinn áhuga á að hann flytjist úr miðbænum. Það breytir þó engu um það aðalskipulag sem er í gildi og ber að fara eftir meðan svo er.

Það liggur líka fyrir að skoðanir eru afar skiptar um staðsetningu flugvallarins og fyrirkomulag innanlandsflugs. Ef að líkum lætur vill meirihluti þeirra sem búa á landsbyggðinni hafa flugvöllinn áfram þar sem hann er. Meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins eru deildari meiningar. Ágreiningurinn um staðsetningu vallarins er einnig þvert á alla flokka.

Ekkert af þessu breytir þó neinu um það að skipulagsvald er í höndum sveitarstjórnar, í þessu tilviki Reykjavíkurborgar. Hún hefur mótað stefnu sem meðal annars var grundvölluð á leiðbeinandi íbúakosningu um staðsetningu flugvallarins en umboðið er í höndum kjörinna fulltrúa í borginni og það er skýlaust.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FRÁBÆR TILBOÐ

Kúlutjöld - Svefnpokar



Takmarkað magn

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tveir menn og heilar

Vandfundið er leiðinlegra lesefni en ritdeila prófessoranna Stefáns Ólafssonar og Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um það hvor er meira með hinn á heilanum. Hannes bloggaði síðast á sunnudaginn – vitaskuld um Stefán. Það eru hins vegar heilir fimm dagar síðan Stefán bloggaði síðast um Hannes. Af því mætti draga þá ályktun að Hannes hefði vinninginn. Það væri hins vegar óvarlegt, enda allt eins víst að Stefán verði búinn að blogga sig upp að hlið hans þegar þetta blað kemur úr prentun.



### Jafnósammála

Þeim sem hafa fylgst með opinberri umræðu undanfarin ár og gott betur er hins vegar fullljóst að báðum er fræðingunum jafnumhugað um að vera ósammála hvor öðrum. Um allt. Líka um það hvor er meira ósammála hinum.

### Vandamál fyrsta heimsins

Íslendingum er margt ofviða. Til dæmis að fara úr skónum. Nú erum við orðin óskaplega leið á því að þurfa að reima af okkur skæðin við öryggisleit í Leifsstöð og láta lýsa í gegnum þau. Innanríkisráðherra er kominn í málið og búið er að boða endurskoðun á öryggisreglum með haustinu. Við erum orðin býsna vön því að tuða yfir tittlingaskít, en það er ekki oft sem það ber svona mikinn árangur.



**stigur@frettabladid.is**

HALLDÓR




# Huang Gnarr

Stjórnmál



Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra

Þegar íslensku útrásarvíkingana þraut örendið bar nokkuð nýrra við. „Sjá roðann í austri/hann brýtur sér braut", sungum við ungir jafnaðarmenn í fyrndinni. Sá roði úr austri brýtur sér nú braut alla leiðina þaðan og upp á Grímsstaðahálendið. Og – eins og íslensku útrásarvíkingarnir – heillar þúsundirnar upp úr skónum með fögrum framtíðarfyrirheitum. Dreymnir Íslendingar, sem neyddust til að hætta að láta sig dreyma um Ísland sem miðdepilinn í fjármálaumsvifum heimsins, sjá nú fyrir sér heilsuhótel og golfvöll uppi á öræfum landsins, ásamt með flugvelli fyrir farþegaþotur (sumir halda orrustuþotur), hundrað villur við hótelið fyrir austræna auðmenn (sumir halda leiðtoga kínverskra kommúnista), risaumskipunarhöfn rétt við hlaðið á Gunnarsstöðum (sumir halda herskipahöfn), olíuhreinsunarstöð á hafnarbakkanum og risahótel í Reykjavík (fyrir ennþá fleiri kínverska kommúnista). „And you ain't seen nothing yet", eins og komist var svo vel að orði þegar íslensku útrásarvíkingarnir voru um það bil að leggja undir sig heiminn. „You ain´t seen nothing yet." Hvílíkur sæluhrollur fer um landann þegar þessi orð og atvik rifjast upp. Sjálfur voldugi kínverski drekinn sér mikilleik landans og landsins og hyggst hefja land og landsmenn upp í þann háa sess sem vér vitum oss ber en þar sem öfundsjúkir og illa þenkjandi útlendingar (ekki þó Kínverjar) stöðvuðu oss í miðri vegferð. Já, roðinn úr austri hann brýtur oss braut.

Kínverjar eru sagðir vera vitmenn miklir, Konfúsíus og Lao Tse voru miklir vitringar. Ekki fer hins vegar eins mikið orð af Kínverjum fyrir glens eins og gáfur. Kínverjanum Huang Nubo hefur til dæmis ekki hugkvæmst eins og Jóni Gnarr að bjóða landsmönnum upp á hvítabjörn í húsdýragarðinn þó svo Kínverjinn segist eins og Jón vilja gera allt fyrir aumingja. Þess vegna er Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík en ekki Huang Nubo. Jón Gnarr hefur nefnilega miklu meiri húmor en Huang Nubo – þó hann sé að vísu ekki jafn stórtækur. Gnarr hefur nefnilega þennan fína húmor – ekki þennan stórkarlalega. Ekki svona svakalega stórkarlalegan. Er svo miklu betri en Huang í að gnarrast í fólki. Enda Íslendingur! Nema hvað?!?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Biðsalur dauðans

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Þetta er sterkt til orða tekið en sumir hafa kallað elli- og hjúkrunarheimili þessu nafni og fáum við væntanlega flest einhverja hryllingsmynd í hugann. Einhverjir munu hugsa með sér að þangað muni þeir aldrei fara, á meðan aðrir lofa góða þjónustu, yndislegt viðmót, fagleg vinnubrögð sem og það öryggi sem slíkt veitir þeim sem slíka aðhlynningu þurfa. Ekki síst hefur samfélagsmynstrið breytt möguleikum fjölskyldna á að búa saman frá vöggu til grafar vegna aukins álags, vinnuframlags og tímaskorts hvort heldur sem er gagnvart börnum okkar eða foreldrum. Þó skyldi stefna að búsetu á eigin heimili eins lengi og þess er nokkur kostur.

Umræðan undanfarið hefur verið áhugaverð vegna fyrirætlana um að setja upp kaffihús og selja áfengi á slíku heimili hér í bænum. Víti til varnaðar segja sumir á meðan aðrir fagna frelsi íbúa, þroskaðra einstaklinga, sem vilja hafa eitthvað að segja um líf sitt og tilveru þrátt fyrir að vera vistmenn.

Það er vitaskuld rétt út frá læknisfræðilegu sjónarmiði að áfengi og viss lyf, hár aldur og lélegri efnaskipti geta haft neikvæð áhrif á nautnina við að fá sér í glas eins og það er kallað á góðri íslensku. Fylgifiskar ölvunar eru alþekktir, fyrir utan þá sértæku sem snúa að heilsu eldri borgara eins og hætta á falli og beinbrotum svo eitthvað sé nefnt. Ég hef ekki kafað djúpt í greinar um slíkt en ugglaust er áfengisvíma ekki til að auka öryggi einstaklingsins.

En snýst þetta um frelsi, valmöguleika og rétt einstaklingsins til að ákveða fyrir sjálfan sig hvað hann vill? Mögulega er það svo. En hver á að ákveða fyrir okkur hvenær við erum fær um slíkt? Sennilega læknirinn sem ber ábyrgð á heilsu vistmanna. Rétt eins og læknar veita leyfi til aksturs aldurhniginna einstaklinga með því að gefa út vottorð.

> Fylgifiskar ölvunar eru alþekktir, fyrir utan þá sértæku sem snúa að heilsu eldri borgara eins og hætta á falli og beinbrotum svo eitthvað sé nefnt.

Það mætti með kímni spyrja hvort læknar vistheimila þurfi í framtíðinni að gefa út drykkjuvottorð og þar með leyfi til að fá sér í staupinu á kaffihúsinu. En að öllu gamni slepptu þá er ólíklegt að við myndum stuðla að afvelta kengfullum eldri borgurum á göngum elli- og hjúkrunarheimila landsins með þeim ráðahag.

Rétturinn til sjálfsákvörðunar er afar sterkur, sömuleiðis eignarrétturinn og því er áhugavert í þessu ljósi að velta fyrir sér öðru máli er tengist gjaldþrotameðferð „efnaðs“ vistmanns á öðru stóru vistheimili í Reykjavík vegna skuldar hans við heimili sitt. Þetta er hið einkennilegasta mál ef horft er fram hjá að mínu viti gölluðum reglum um greiðsluþátttöku einstaklinga í kostnaði við rekstur vistheimila og staldrað við fordæmið sem þetta mál setur. Okkur er tíðrætt um samtrygginguna og það að við viljum auðvitað sanngjarnt og gott velferðarkerfi, gott og vel! Væntanlega hefur þessi umræddi maður greitt skatta og skyldur og aflað um ævina svo hann ætti eign í lífeyrissjóði eða viðlíka, hans lífeyrissjóð. Er hann ekki búinn að greiða samtrygginguna í gegnum áratugi í vinnu?

Til hvers greiddi hann í sjóðinn ef hann getur ekki notið hans? Hann á vitaskuld sama rétt og allir aðrir á „fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni“ án þess að greiða meira en aðrir góðir og gildir þegnar þessa lands. Ef hann getur svo ekki heldur fengið að ráða því hvort hann fái gott rauðvín með steikinni heima hjá sér nema gegn framvísun vottorðs þá er manni eiginlega öllum lokið.

Ég á væntanlega nokkur ár eftir áður en ég fer á vistheimili, fram að því munu þau vafalaust taka miklum breytingum. Ég gæti talið upp fjöldamörg atriði sem ég myndi vilja fyrir mína parta, en það myndi sprengja ramma þessarar greinar. Þegar þar að kemur hef ég væntanlega greitt minn skerf til samfélagsins svo ég og kona mín getum óáreitt notið lífeyris okkar með staup að eigin vali í hönd, hvort sem er áfengt eður ei, og átt ánægjulegt ævikvöld án þess að finnast við vera í biðsal dauðans.

# Meira um aðferðir við forsetakjör

Stjórnmál

Þorkell Helgason
sat í Stjórnlagaráði



Í Fréttablaðinu 25. júlí sl. er ágæt frásögn af góðu framtaki nokkurra fræðimanna sem spurðu í netkönnun hvaða aðferð fólki hugnaðist best við kjör í embætti forseta Íslands. Spurt var um fjórar aðferðir auk þeirrar núverandi þar sem einfaldur meirihluti ræður. Meðal annars var boðið upp á það sem fræðimennirnir kölluðu „varaatkvæðisaðferð“. Við þetta má bæta fróðleik sem hvorki kom fram hjá spyrlunum né heldur í fréttaskýringunni.

Fyrst er þess að geta að nafngiftin á því sem nefnt er „varaatkvæðisaðferð“ hefur verið á reiki. Hún hefur í opinberum skjölum verið kennd við „forgangsröðun“ en líka nefnd „aðferð færanlegra atkvæða“, sem er hrá þýðing á algengasta heitinu á ensku, Single transferable vote (STV).

Mikilvægt er að vita að þessi aðferð er sú sama og stjórnlagaráð hefur lagt til að beitt verði við forsetakjör framvegis. Til upprifjunar þá felst aðferðin í því að kjósendur eiga ekki að velja með krossi einum heldur að raða frambjóðendum í forgangsröð: „Þennan vil ég helst, en ef hann nær ekki kjöri þá er þessi næstbesti kostur minn“ o.s.frv. Þetta er einföld aðferð og hefur ýmsa kosti fram yfir þá að kjósa tvisvar. Kostnaður er minni bæði hjá hinu opinbera og ekki síður hjá frambjóðendunum sjálfum. En ekki er síðra að STV, sem er eins og „tveggja umferða kosning“ í einni, kemur í veg fyrir hrossakaup um stuðning þeirra sem falla út í fyrri umferðinni, eins og er t.d. sláandi í Frakklandi.

> Mikilvægt er að vita að þessi aðferð er sú sama og stjórnlagaráð hefur lagt til að beitt verði við forsetakjör framvegis.

Að lokum má bæta við frásögn blaðsins að bæði var STV-aðferðin, „varaatkvæðisaðferðin“, notuð við kosninguna til stjórnlagaþings og jafnframt lögð til grundvallar í nýlegum stjórnarfrumvörpum um persónukjör, en dagaði uppi í málþófi eins og nú er tískan á Alþingi.

Meira má lesa um STV-aðferðina við forsetakjör í Fréttablaðinu 12. janúar sl.; sjá http://thorkellhelgason.is/?p=1324.




Blå Band bollasúpur - hrein snilld

Blå Band bollasúpurnar eru handhæg og bragðgóð næring sem gott er að grípa til. Þær innihalda ekkert MSG, engar transfitur og aðeins náttúruleg bragð- og litarefni. Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus.

BÓNUS HAGKAUP Blå Band

tl.is

TÖLVU LISTINN

# SKÓLATILBOÐIN KOMIN !

## Yfir 60 gerðir af fartölvum frá fjórum af sterkustu framleiðendum heims !



### TOSHIBA

Tölvulistinn er umboðsaðili fyrir Toshiba á Íslandi sem er einn af stærstu framleiðendum heims í fartölvum. Ánægðir fartölvueigendur Toshiba skipta tugþúsundum á Íslandi enda þekktar fyrir að vera traustar tölvur með lága bilanatíðni og langan líftíma. Gæði sem borga sig. Skólalínan frá Toshiba í ár er mjög fjölbreytt á frábærum verðum, allt frá 15,6" fartölvu á 59.990.



### ASUS

Fartölvulínan frá Asus í ár er sérstaklega glæsileg. Nýju Zenbook vélarnar eru Ultrabook vélar sem eru rúmlega kíló á þyngd og örþunnar en samt með öflugri örgjörvum og hraðari vinnslu en sambærilegar vélar. Bestu vélarnar í skólann - bæði mjög meðfærilegar og öflugar. Fartölvulínan er mjög spennandi og spannar allt frá 10" vélum á 49.990 upp í flottustu leikjavélina á 339.990.



Við erum stoltir að kynna Apple skólatölvurnar sem hluta af úrvalinu okkar í fyrsta sinn. Apple er eitt af vinsælustu vörumerkjum heims og þekktir fyrir tölvur í hæsta gæðaflokki. Skólalínan frá Apple samanstendur af hinni örþunnu MacBook Air og öflugu MacBook Pro með Retina skjá. Tölvulistinn býður Apple tölvurnar á lækkuðu verði auk þess sem viðskiptavinir okkar fá MacBook Pro með tvöfalt meira vinnsluminni en frá framleiðanda – innifalið í verðinu. Meira fyrir peninginn.



### acer

Tölvulistinn hefur flutt inn Acer í fjölda ára með góðum árangri. Í skólalínunni í ár eru meðal annars litríkar 10" vélar í Acer One línunni, öflugar Acer Aspire vélar á frábæru verði og örþunnar Acer Timeline. Einn af helstu styrkleikum Acer er að maður fær mikið fyrir peninginn. Fartölvur sem endast vel og eru öflugar í senn.




**OPIÐ**
**10-18**
**ALLA VIRKA DAGA**

Lokað um verslunarmannahelgina

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

**0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI**

# ALDREI MEIRA ÚRVAL !




## 10 bestu ástæður þess að kaupa skólatölvuna í Tölvulistanum !

### 1. LÆGRA VERÐ
Tölvulistinn er stærsta tölvuverslun landsins með mikinn fjölda viðskiptavina. Vegna vinsælda fartölva fyrir skólann tekst okkur að ná hagstæðari innkaupum með magnkaupum og lækka verðið. Hvort sem þig vantar fartölvu fyrir skólann, heimilið eða vinnuna þá er góður tími núna til að endurnýja.

### 2. TRAUST MERKI
Við bjóðum einungis upp á fartölvur sem við höfum langa og góða reynslu af. Hjá okkur færðu tölvur frá fjórum af sterkustu fartölvuframleiðendum heims – Toshiba, Asus, Apple og Acer.

### 3. MIKIÐ ÚRVAL
Í verslunum okkar erum við með yfir 60 gerðir af fartölvum. Eigum allt frá þeim minnstu og einföldustu upp í þær stærstu og öflugustu. Allir geta fundið það sem hentar best.

### 4. LÁG BILANATÍÐNI
Við veljum framleiðendur sem státa af lágri bilanatíðni. Öll þau vörumerki sem við bjóðum hafa reynst okkar viðskiptavinum vel í fjölda ára. Toshiba og Asus voru með lægstu bilanatíðni allra fartölvuframleiðenda í rannsókn sem var gerð á bilanatíðni 30.000 fartölva hjá Square Trade.

### 5. TRAUST ÁBYRGÐ
Tölvulistinn hefur rekið öflugt tölvuverkstæði í 19 ár, sem leggur metnað í að veita skjóta og góða þjónustu. Það skiptir miklu máli að versla við trausta aðila með gott þjónustuverkstæði.

### 6. 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI
Hvaða fartölvu sem þú velur getur þú greitt með því að skipta niður vaxtalaust í 12 mánuði á greiðslukorti. Eini kostnaðurinn felst í 3,5% lántökugjaldi og lágu færslugjaldi kr. 340 á mánuði.

### 7. GULLTRYGGING
Með 3 ára gulltryggingu Tölvulistans lengist ábyrgðartíminn í 3 ár auk þess sem fartölvan er að fullu tryggð fyrir þjófnaði eða tjóni án sjálfsábyrgðar öll þrjú árin. Gerist ekki betra.

### 8. SSD STÆKKANLEGAR
Nær allar fartölvur okkar eru breytanlegar fyrir SSD diska. Í ágúst bjóðum við sérstakt tilboð á uppfærslu í SSD. Með SSD verður fartölvan mun hraðvirkari, hljóðlátari og þolir betur hnjask en með hefðbundnum hörðum diski.

### 9. TVÖFALDAÐU MINNIÐ FYRIR LÍTIÐ
Flestar okkar fartölvur koma með 4GB vinnsluminni. Fyrir aðeins 5.990 færðu tölvuna þína með 8GB vinnsluminni sem stóreykur vinnsluhraða fartölvunnar.

### 10. VÍRUSTRYGGING
Það skiptir miklu máli fyrir vinnslu fartölvunnar að halda vírusum frá henni. Lykla-Pétur frá FRISK er rammíslensk vírusvörn sem er meðal þeirra bestu í heiminum. Þeir sem fá sér Lykla-Pétur með fartölvunni hjá Tölvulistanum fá ekki einungis örugga vírurvörn heldur ókeypis fjarþjónustu og aðstoð frá sérfræðingum FRISK ef tölvan fær vírus.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Hvar stöndum við?

Skipulagsmál



**Torfi Hjartarson**
fulltrúi VG í skipulagsráði Reykjavíkur

Tillögur úr hugmyndasamkeppni um byggingar og almannarými við Ingólfstorg og Víkurgarð hafa vakið sterk viðbrögð enda voru forsendur keppninnar gagnrýndar harðlega þegar þær voru fyrst lagðar fram. Í stað þess að leggja alla áherslu á almannarými og verndarsjónarmið var gengið mjög langt til móts við þarfir lóðarhafa á svæðinu. Sá hefur það helst á sinni stefnuskrá að byggja stórt hótel. Andstaða við byggingaráformin hafði þó þau áhrif að í keppninni var töluverð áhersla á verndarsjónarmiðin um gamla byggð, skapað var visst svigrúm til sveigjanleika í útfærslum og þátttakendur hvattir til að færa ekki gömul hús úr stað. Margir keppenda svöruðu því kalli með því að koma sem mestu af hótelstarfseminni fyrir í Landsímahúsi við Austurvöll ásamt yngri viðbyggingum og mögulegri nýbyggingu við Kirkjustræti gegnt inngangi að Alþingi. Sumar hugmyndir að þeirri nýbyggingu eru hógværari en í verðlaunatillögunni enda tekur dómnefnd sérstaklega fram að þann hluta hennar þurfi að útfæra betur. Ýmsir hafa líka bent á að vel megi komast af með miklu minna hótel og að önnur starfsemi færi betur í Landsímahúsi, til að mynda menningar- og tómstundastarf á vegum borgarinnar eða skrifstofur Alþingis á efri hæðum ásamt öflugri veitingastarfsemi á jarðhæð sem þá yrði laus við alla langferðabíla.

Í verðlaunatillögu eru gömlu húsin við Vallarstræti látin standa að frátöldum salnum í NASA en byggt of hátt á milli þeirra og þau látin hverfa á bak við fyrirferðarmikla nýbygginu á Ingólfstorgi. Þar er lagt til að borgin komi fyrir menningarhúsi en eftir því var aldrei leitað. Tillagan felur því í sér þann góða kost fyrir borgina að leyfa gömlu húsunum hringinn í kringum Ingólfstorg að njóta sín um ókomna tíð og láta hugmyndir um byggingu húsa á torginu lönd og leið. Í því liggur í reynd helsti styrkur tillögunnar. Þó að einhverjir agnúist út í Ingólfstorg og margt megi þar bæta er engum blöðum um það að fletta að torgið er það langlíflegasta í borginni. Þar blómstrar og getur vaxið allra handa menning allan ársins hring.

Borgin hefur glímt við togstreitu um þetta svæði um áratuga skeið enda var lagt upp þversagnakennt skipulag í Kvosinni á níunda áratug síðustu aldar þrátt fyrir viðvaranir og mótmæli húsverndar- og félagshyggjufólks. Á þeim tíma hafði Alþingi ákveðið að rífa gömul hús við Kirkjustræti og í Kvosarskipulagi voru talin mörg fleiri hús sem ættu mögulega að víkja. Vallarstræti 4 (Hótel Vík) og Aðalstræti 7 (gula húsið, Brynjólfsbúð) eru bæði á þeim lista en þó er í skipulaginu sérstaklega tekið fram, takið eftir því, að æskilegast væri að varðveita þau. Húsin eru hluti af timburhúsaröðinni sem enn þann dag í dag rammar inn Ingólfstorg og styður nálæga byggð í Grjótaþorpi og við Grófartorg.

Frá því að þetta var hafa orðið mikil umskipti, allir styðja stefnu um borgarvernd, áhugi á húsvernd er almennur og fjölda gamalla húsa hefur verið sýndur sómi með vandaðri endurgerð og fallegum viðbyggingum til mikilla hagsbóta um allt land. Mörg hús, áður í hættu, hafa verið friðuð, þar á meðal framhús NASA við Austurvöll. Alþingi í samráði við borgaryfirvöld hvarf frá niðurrifi á sínum reit og nú mynda fjögur gömul hús við hlið Alþingis ómetanlega og heildstæða röð meðfram Kirkjustræti. Engum dettur lengur í hug að þau hús megi rífa. Þvert á móti sýnir þessi húsaröð hvernig standa má að málum. Þetta sjá auðvitað allir þegar á það er bent.

> Borgin hefur glímt við togstreitu um þetta svæði um áratuga skeið enda var lagt upp þversagnakennt skipulag í Kvosinni á níunda áratug síðustu aldar þrátt fyrir viðvaranir og mótmæli húsverndar- og félagshyggjufólks.

Samt er eins og kjörnir fulltrúar hafi misst sjónar á þessu við Ingólfstorg og fundist skipta meira máli að peningafólk hefur keypt sér lóðir og gömul hús á besta stað og verndarsvæði í borginni með ágóða í huga. Það verði að fá að koma vilja sínum fram, hjá því verði bara ekki komist. Að öðrum kosti bresti gróðavonir og borgin gæti þurft að borga bætur. Þetta varð útgangspunktur og þess vegna gengur hugmyndasamkeppnin ekki betur upp. Eins og Kristín Þorleifsdóttir dómnefndarmaður lýsir réttilega í sinni niðurstöðu tókst engri tillögu að sætta sjónarmið á viðunandi hátt og undir það hafa margir tekið.

Arkitektarnir lögðu sig alla fram og dómnefnd hefur lokið löngu og ströngu starfi en hóteláformin og byggingarmagnið sem lagt var upp með eru enn til bullandi vandræða, ganga of nærri tónlistarsal, gömlum húsum og líflegasta torgi borgarinnar. Þá reynir á lóðarhafa, skipulagsráð og borgarstjórn að bæta úr því. Þessir aðilar eru reyndar ekki alveg einir um verkefnið því að almenningur í borginni og Alþingi láta sig málið varða. Meira en tólf þúsund Íslendingar hafa á skömmum tíma skrifað undir mótmæli við áform lóðarhafa og borgarinnar á slóðinni Ekkihotel.is. Látið er að því liggja að fólk hafi fengið rangar upplýsingar eða viti ekki nóg um málið en sá málflutningur stenst ekki skoðun.

Við þurfum sátt um gömlu húsin og lóðirnar við Vallarstræti með NASA-sal og öllu saman, það þarf að gera þau upp af fullum metnaði og byggja í skörðin á forsendum gömlu byggðarinnar. Höfum í huga að lóðarhafinn á enga heimtingu á sameiningu lítilla lóða sunnan við Ingólfstorg til að koma þar fyrir stóru húsi, lóðarhafinn á enga heimtingu á einsleitri starfsemi eða stórbyggingu við Vallarstræti, lóðarhafinn getur ekkert tilkall gert til Ingólfstorgs og lóðarhafinn getur ekki þegar til kastanna kemur rifið meira en aldargömul og merk hús sem löngu er ljóst að þarf að vernda. Líku máli gegnir um vinsælan tónleikasal, hálfrar aldar gamlan, í hjarta borgarinnar. Og ef hann vill þenja út Landsímahús á hæð og breidd varpar hann skugga á sólríkan Austurvöll og þrengir að Alþingi. Þessa þröngu stöðu tók hann sér sjálfur og hann þarf að vinna úr henni í sátt við borgarbúa og nágranna sína. Okkar er að standa með hagsmunum heildarinnar, ekki að tala niður almannarýmið, gera lítið úr skuggavarpi, mikla fyrir okkur bætur, gera mikið úr hæpnum málstað lóðarhafa eða koma í veg fyrir að gömul hús fái að njóta sín. Þetta mál þarf að leiða til farsælla lykta fyrir fólkið í borginni. Líka þó að það kunni að kosta okkur eitthvað. Það er löngu kominn tími til.

sjáðu citroën í dag
milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 8

Vinnandi vegur
á nýjum CITROËN BERLINGO

Sjáðu nýjan og glæsilegan Berlingo. Nýi Berlingo státar af rúmgóðu vinnu- og farþegarými sem sameinar kosti þæginda og hagkvæmni. Með framúrstefnulegri hugsun stenst Berlingo jafnt kröfur til vinnubíla ásamt því að tryggja rekstrarlegt hagræði.

Berlingo státar af aksturseiginleikum fólksbíls og miklu hleðslurými. Afturhurðir bílsins opnast um 180 gráður og því ekkert sem hindrar aðgengi og hleðslu bílsins. Plássið fyrir farþega og bílstjóra er rúmgott og uppfyllir þannig ítrustu kröfur um þægindi.

Búinn öllum nútímaþægindum sameinar Berlingo notagildi atvinnutækisins og þægindi einkabílsins. Berlingo auðveldar einfaldlega vinnuna og eykur afköstin.

Brimborg er vottaður þjónustuaðili fyrir Citroën á Íslandi. Sérfræðingar Brimborgar tryggja öryggi þitt með reglubundnu viðhaldi og eftirliti á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. **Sjáðu Citroën.**

CITROËN

Tökum allar tegundir notaðra bíla upp í nýjan Citroën Berlingo. **Sjáðu nýjan Citroën Berlingo.** Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.




- 6 dyra útfærsla með hliðarhurðum báðum megin
- Fáanlegur 5 dyra með topplúgu
- Hleðslurými 3,3 m$^3$
- Burðargeta 850kg
- 3ja sæta. Tveir farþegar auk bílstjóra
- Öflug og sparneytin dísilvél



**CITROËN BERLINGO 3 manna**
1,6 dísill. 90 hestöfl. 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 5,3 l/100 km*
Koltvísýringur $CO_2$ 138 g/km
Rúmmál 3,3 m$^3$
Burðargeta 850 kg
Verð: **2.462.151 kr.** án/vsk**

* Í blönduðum akstri
** 3.090.000 kr. m/vsk.

*Kynntu þér lánamöguleikana og greiðsluhjólin.*
*Settu gamla bílinn uppí nýjan Berlingo.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# 6 KR.

# SPARNAÐUR MEÐ SHELL V-POWER

## 2,4% MINNI EYÐSLA Á LÍTRA

### TIL VIÐBÓTAR AFSLÆTTI MEÐ KORTUM OG LYKLUM

Niðurstöður mælinga tveggja óskyldra og óháðra aðila á Íslandi staðfesta að **bíll með Shell V-Power eyðir 2,4% minna** en sami bíll með bensíni frá N1. Bíll með hefðbundnu bensíni frá Orkunni eyðir hins vegar jafnmiklu og bíll með bensíni N1.




Mælingarnar voru gerðar á tímabilinu apríl – júní 2012 af **Torfa K. Karlssyni, vistaksturskennara**, annars vegar og **Ólafi Kr. Guðmundssyni, dómara í Formúlu 1**, hins vegar. Þær fóru fram í logni við íslenskar aðstæður, en aldrei í rigningu eða á blautum vegi. Nánar á **skeljungur.is/vpower**.




**Kort og lyklar Orkunnar og Skeljungs gilda jafnt á bensínstöðvum Orkunnar og Shell.**

skeljungur.is

Skeljungur

# Nær náttúruvernd bara að sjávarmáli?

Náttúra

Jónas Bjarnason
efnaverkfræðingur

Lýður Árnason
læknir

Við Íslendingar hrósum okkur fyrir fiskvernd. Núna erum við ánægðir með þorskinn enda stofninn í betra ástandi en oft áður. Útgerðarmenn segja að lækkun heildarafla eftir ráðleggingum Hafró um 30 þúsund tonn 2007 og áfram ár frá ári til 2011 hafi leitt til þessarar góðu útkomu. Hafró miðar heildarafla að jafnaði við ákveðið hlutfall af hrygningarstofni og þessi ár var viðmiðunarstuðull lækkaður í sem samsvarar 20% af hrygningarstofni.

Til að finna út þolmörk þorskstofnsins er farið svokallað vorrall, en þá fara skip Hafró á stúfana og kanna þorskgengd kringum landið. Styrkur hrygningarstofns er mældur, ekki bara í fjölda fiska heldur einnig í meðalþyngd þeirra. Aðalæti þorsksins hefur verið loðna en nú er makríllinn kominn til sögunnar og ekki ljóst hvaða áhrif hann hefur.

Þó menn deili um gagnsemi og aðferðafræði Hafró er samanburður við útlönd sláandi. Nær alls staðar hafa botnfiskstofnar í Evrópu hrunið og eru nú brot af því sem áður var. Væntanlega er einhverri ofveiði um að kenna en þó frekar slæmri umgengni um fiskimiðin með eyðileggjandi veiðarfærum. Því hafa þjóðir Evrópu neyðst til að leggja meira upp úr uppsjávarfiskum eins og síld og makríl. Írar eru gott dæmi um það.

Þöggun hefur ríkt um eyðileggingu hafsbotnsins og lífríkis hans, en svo virðist sem umhverfisvernd nái einungis að sjávarmáli. Gildir það einnig um Ísland. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra skrifaði þó nýlega fréttagrein um lífríki hafsins og segir m.a. að lífríki hafsins sé fjölbreytt og þekking okkar á vistkerfum undirdjúpanna minni en ofansjávar. Það skipti máli að tryggja viðgang vistkerfisins í heild, en ekki bara einstakra fiskistofna eins og nú tíðkast. Almennt gildi sú regla að reyna að lágmarka skaða sem athafnir mannsins geta valdið á lífríkinu, sem hægt er að gera með umhverfisvænni veiðiaðferðum án þess að draga úr afla eða verðmæti hans.

> Nær alls staðar hafa botnfiskstofnar í Evrópu hrunið og eru nú brot af því sem áður var.

Ráðherra minnist þarna á veiðiaðferðir og á væntanlega við botnvörpuna, sem búin er að eyðileggja nánast öll botnmið Evrópu og Bandaríkjanna og hálfnuð með íslensku fiskimiðin. Þrátt fyrir að skaðsemi botnvörpuveiða sé vísindalega sönnuð (University of Oregon) liggur hún í þagnargildi. Hvers vegna?

Þegar hagsmunir lífríkis og veiðimanna takast á er augljóst að lífríkið á að njóta vafans. Hafsbotninn má ekki við átroðningi frekar en hálendissvörðurinn og umhverfisvænni veiðiaðferðir eins og krókaveiðar eru miklu fýsilegri en botnskrapið. Að dýfa öngli í vatn raskar engu, en að draga eftir botninum þreskivél sem engu eirir, öllu. Og viti menn. Krókaveiðar með línu kosta fjórum sinnum minni eldsneytisbrennslu en botnvörpuveiðar á togurum miðað við sama afla. Á þöggunin einnig að ríkja um það?




# Í skuggasundi

Skipulagsmál



Hjálmtýr Heiðdal
kvikmyndagerðarmaður

Ég fór í skuggasundið milli Landsímahússins og Miðbæjarmarkaðarins og skoðaði tillögurnar sem urðu hlutskarpastar í samkeppni um byggingu hótels o.fl. bygginga við Ingólfstorg og Austurvöll.

Það er vel viðeigandi að sýna tillögurnar í skuggasundinu. Allar framkomnar hugmyndir um byggingar á þessu svæði eru ávísun á fleiri skuggasund og vindgöng.

Það hvarflar að mér sú hugsun að þeir sem standa fyrir þessari samkeppni eigi aldrei leið um miðborg Reykjavíkur og þekki hana því ekki.

En þessi ályktun mín er röng, leiðarljós „uppbyggingarinnar“ er gróði og gjörnýting. Og þá verða minniháttar tilfinningar og skynsemi að víkja.

Reykjavík er vindasöm borg norðarlega á hnettinum.

Þar sem sólar nýtur og skjól er fyrir vindum safnast fólkið saman, bæði höfuðborgarbúar og gestir þeirra. Og borgaryfirvöld hafa aukið gæðin með því að takmarka bílaumferð á nokkrum stöðum.

Háar byggingar og þröng sund milli þeirra rýra sólarljósið sem fellur á íbúana og eykur vindhraðann. Hótel á þessum stað eykur umferð rútubíla og risajeppa.

Áætlanir um byggingu risahótels á Landsímareitnum eru tímaskekkja og stórslys verði af framkvæmdum.

Björgum Ingólfstorgi og Nasa!

Ég skora á alla að undirrita áskorunina á www.ekkihotel.is.

AF NETINU

## Ekki lengur hlegið

Ég man þá tíð upp úr 1960 þegar sett var fram hugmyndin um „nýjan miðbæ“ þar sem þá voru kartöflugarðar fyrir utan Reykjavík í Kringlumýri. Margir hlógu að „svona vitleysu“ og þeir héldu áfram að hlæja næstu áratugina.

En byggðin breiddist út bæði allt í kringum Kringlumýrina og í henni sjálfri og þegar Kringlan var opnuð, að mig minnir 1987, og fyrstu árin þar á eftir, var kaupmönnum við Laugaveg ekki lengur hlátur í huga.

Á þessum árum kom upp hugmynd um að byggja yfir hluta Laugavegar eða annarrar götu á því svæði og útbúa þar keppinaut við Kringluna, en ósamstaða og skammsýni komu í veg fyrir það. [...]

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson



## BER Í BAKSTURINN

**Berjatíminn er runninn upp fyrr en oft áður sökum veðurblíðu. Nú er um að gera að halda í berjamó og fylla frystinn af bráðhollum bláberjum. Það er gott að skammta þau í litla poka til að eiga í boost og bakstur.**























# STRANDHANDBOLTI Í SUMARBLÍÐUNNI

**BOLTI OG SÓL** *Níunda Íslandsmótið í strandhandbolta fór fram um helgina. Leikreglurnar eru nokkuð frábrugðnar hefðbundnum handbolta og kynin spila gjarnan saman. Mörg liðanna mæta í skrautlegum keppnisbúningum.*

Íslandsmótið í strandhandbolta fór fram á laugardaginn í Nauthólsvík í frábæru veðri. Þetta var níunda árið í röð sem mótið er haldið og er það orðið fastur liður hjá handboltamönnum og stuðningsmönnum félaganna. Í ár tóku sextán lið þátt og varð lið Elítunnar sigurvegari annað árið í röð. Liðið er að mestu leyti skipað leikmönnum úr N1 deildinni, meðal annars leikmönnum úr HK, FH og Aftureldingu. Í öðru sæti varð lið skipað leikmönnum úr HK og þriðja sætið féll í skaut Fálka, sem er lið skipað leikmönnum úr Gróttu.

Upphafsmenn strandhandboltans á Íslandi eru félagarnir Haraldur Þorvarðarson og Davíð Lúther Sigurðsson. Haraldur spilaði sem atvinnumaður í handbolta í Þýskalandi í nokkur ár og kynntist íþróttinni þar. „Ég bjó í fimm ár í Þýskalandi meðan ég var atvinnumaður í handbolta. Strandhandboltinn var alltaf spilaður á sumrin þar í landi og í raun víða í Evrópu, til dæmis í Danmörku og Noregi. Íþróttin hefur aldrei verið spiluð hér enda lítið um strandvelli. Við félagarnir ákváðum að setja upp mót árið 2004 og það gekk mjög vel. Mótið hefur notið sívaxandi vinsælda síðan þá, bæði hjá leikmönnum og áhorfendum.“

Leikreglurnar eru nokkuð frábrugðnar hefðbundnum handaboltareglum. Aðeins fimm spila inn á í einu og er markmaður liðsins þátttakandi í sóknarleiknum. „Ef markmaður skorar fær liðið tvö mörk. Ef lið skorar fallegt mark fær liðið einnig tvö mörk. Að öðru leyti gilda svipaðar reglur, það má til dæmis ekki hlaupa og bara taka þrjú skref. Leikmenn eru þó lítið að drippla boltanum enda býður sandurinn ekki beint upp á það.“

Um kvöldið var lokahóf haldið á Úrillu Górillunni þar sem verðlaun voru veitt, meðal annars fyrir besta leikmanninn í karla- og kvennaflokki. Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að liðin keppi í sérstökum búningum. Haraldur segir stelpurnar yfirleitt metnaðarfyllri þegar kemur að búningum. „Liðin hafa mætt í Avatar búningum og sem skjaldbökur. Það setur mjög skemmtilegan svip á keppnina á hverju ári.“

**SPILAÐ Á STRÖND** Davíð Lúther Sigurðsson og Haraldur Þorvarðarson eru upphafsmenn strandhandboltans á Íslandi. MYND/VILHELM

## ÖÐRUVÍSI LEIKREGLUR

„Ef markmaður skorar fær liðið tvö mörk. Ef lið skorar fallegt mark fær liðið einnig tvö mörk.“







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

# LANGLÍFASTAR Í HONG KONG

**Konur frá Hong Kong eru komnar fram úr japönskum konum í langlífi.**

**JARÐSKJÁLFTINN Í JAPAN SETTI STRIK Í REIKNINGINN**

Konur frá Hong Kong eru komnar fram úr japönskum konum í langlífi en þær japönsku hafa verið þær langlífustu í heimi síðastliðin 25 ár. Að hluta til skýrist þetta af jarðskjálftanum og flóðbylgjunni í Japan á síðasta ári þar sem tuttugu þúsund manns létu lífið.

Konur frá Hong Kong geta í dag átt von á því að verða 86,7 ára gamlar en konur frá Japan 85,9 ára. Árið 2010, áður en jarðskjálftinn reið yfir, gátu japanskar konur átt von á því að verða 86,3 ára.



Jarðskjálftinn skýrir breytinguna þó ekki að fullu heldur hefur aukin sjálfsmorðstíðni japanskra kvenna sem og sjúkdómar og aðrar náttúrulegar dánarorsakir sitt að segja. Langlífi japanskra kvenna hefur yfirleitt verið rakið til holls mataræðis.

ÚTSALAN HEFST Í DAG KL 11









50% AFSLÁTTUR





GYLLTI KÖTTURINN
AUSTURSTRÆTI 8–10
SÍMI 534 0005
OPIÐ ALLA DAGA




Vilhjálmur, sölu- og markaðsstjóri Avis, segir það einbeittan vilja starfsfólks fyrirtækisins að gera alltaf sitt besta í þjónustu við viðskiptavini. MYND/ERNIR

# Það borgar sig að leigja bíl hjá AVIS frekar en að kaupa sér bíl

**Avis er ein stærsta og þekktasta bílaleiga í heimi og rekur yfir 5.300 leigustöðvar í 166 löndum. Á Íslandi er Avis önnur stærsta bílaleiga landsins með um 1.600 bifreiðar af öllum stærðum og gerðum.**

Á undanförnum árum hefur Avis verið einn stærsti kaupandi nýrra bifreiða á Íslandi og er með yfir sextíu tegundir bifreiða til útleigu, allt frá smábílum til fjórtán manna bíla. „Frá 1962 hafa einkunnarorð Avis verið „Við gerum betur“ en í þessum orðum er fólgin sú sannfæring að gott samband við viðskiptavini byggi á einbeittum vilja fyrirtækisins til þess að „gera betur“, bæði hvað varðar þjónustu og fagmennsku,“ segir Vilhjálmur Sigurðsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Avis.

AVIS býður upp á leigustöðvar á öllum helstu þéttbýliskjörnum á Íslandi. „Það er alltaf verið að skoða möguleikana á að fjölga leigustöðvum okkar um landið enn frekar. Viðskiptavinir Avis geta því auðveldlega fengið bíl á einum stað og skilað honum á öðrum.“

Fyrirtækjaþjónusta Avis er sniðin að þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig. „Fyrirtækin eru eins misjöfn og þau eru mörg, við skoðum þarfir fyrirtækjanna í bílamálum og sérsníðum lausn fyrir hvert og eitt. Þetta er sveigjanleg og áreiðanleg þjónusta þar sem viðskiptastjóri Avis finnur bestu lausnina fyrir fyrirtækin hverju sinni. Fyrirtæki geta yfirleitt sparað kostnað með því að leigja bílana í stað þess að eiga þá,“ segir Vilhjálmur.

Langtímaleiga Avis er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða. „Í langtímaleigu hjá AVIS fæst nýr eða nýlegur bíll, það er engin útborgun og engin endursöluáhætta.

Til dæmis er verð á smábíl í langtímaleigu um 49 þúsund á mánuði og þá eru bifreiðagjöld, tryggingar, sumardekk og vetrardekk, dekkjaskipti, olíuskipti og allt hefðbundið viðhald og tuttugu þúsund kílómetra akstur á ári innifalið. Þeir sem eru með langtímaleigusamning við Avis geta svo hvenær sem er á samningstímanum fengið stærri eða minni bíla á sérkjörum allt eftir því hvað hentar. Fólk getur því verið á ódýrum og sparneytnum fólksbíl en fengið svo stærri bíl í nokkra daga hvort sem það er fyrir ferðalag eða flutninga. Þegar tekinn er saman allur kostnaður við rekstur og kaup á bíl þá kemur í ljós að það borgar sig í flestum tilvikum að leigja bíl frekar en að kaupa hann.“




Í langtímaleigu Avis er hægt að leigja bílinn í eitt til þrjú ár. Einnig er boðið upp á styttri leigur eins og til dæmis vetrarleigu en það er góður kostur fyrir þá sem eru í eða vinna við skóla, vinna við vetrartengt starf eða vilja einfaldlega heilsusamlegri lífsstíl á sumrin.

Umhverfismál eru ofarlega í huga hjá fyrirtækinu og er ráðgert að fyrirtækið fái umhverfisvottun ISO 14001 í haust en unnið hefur verið að innleiðingunni undanfarið ár. „Avis bílaleiga leggur mikla áherslu á að kaupa inn sem mest af vistvænum bifreiðum enda krafan um slíka bíla alltaf að aukast. „Viðskiptavinir okkar hugsa mun meira um eldsneytiseyðslu og mengun bifreiða í dag en þeir gerðu áður fyrr. Við erum því stolt af því að geta sagt að í dag eru 25 prósent allra fólksbíla okkar vistvænir.“

Fyrirtækið býður upp á fjórar stærðir af sendibílum til leigu sem henta fyrirtækjum jafnt sem einstaklingum að leigja. Leigutíminn er mjög sveigjanlegur en hægt er að leigja þessa bíla frá fjórum klukkustundum til 36 mánaða.

„Í þjónustuveri okkar starfar frábært og reynslumikið starfsfólk sem sér um að bóka bílinn hvort sem þig vantar bíl innanlands eða erlendis. Ef fólk er á leið til útlanda getur það haft samband við okkur og við bókum bíl í viðkomandi landi. Við sjáum í raun um allt sem snýr að bílnum í ferðalaginu.“

# Flóknar ferðir fatlaðs fólks

Bílaleigur eru einfaldur kostur fyrir flesta sem ferðast. Hreyfihamlaðir einstaklingar þurfa hins vegar að skipuleggja ferðalög sín með fleira í huga.



Guðný Bachmann, ráðgjafi hjá Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, segir að fatlaðir þurfi að huga að mörgu áður en þeir leggja í langferð.

Guðný Bachmann, ráðgjafi hjá Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, segir þó að þeir sem aki bíl geti einnig nýtt sér þjónustu bílaleiga, bæði hérlendis og í útlöndum. „Fólk sem er í hjólastól og þarf sérbúnað til að stýra bílnum hefur möguleika á að leigja hjálpartæki sem það þarf. Til dæmis er hægt að leigja ákveðna stöng sem hægt er að setja í bíl svo stýra megi með höndum í stað þess að ýta með fæti á bensíngjöfina. Hægt er að hafa samband við Öryggismiðstöðina og fá upplýsingar um hvaða hjálpartæki eru til leigu.“ Bílaleigur þurfa hins vegar að gefa samþykki fyrir notkun þessara hjálpartækja. „Uppsetningin er í sjálfu sér lítið mál en einhver þarf að sjá um hana og yfirleitt er það bílaleigan. Fólk sem vill ferðast erlendis er þá í sambandi við bílaleiguna úti sem setur hjálpartækin upp,“ útskýrir Guðný. „Hjálpartækin getur fólk leigt á Íslandi og tekið með sér til útlanda, án nokkurra vandkvæða. Öryggismiðstöðin veitir þá leiðbeiningar varðandi uppsetninguna fyrir bílaleiguna úti.“

## Ferðalög innanlands

Guðný segir flesta hreyfihamlaða einstaklinga sem ferðast innanlands og hafa bílpróf ferðast á eigin bílum. „En til dæmis ef fólk vill fara einn dag til Akureyrar með flugi er gott að geta hringt á leigubíl til að komast á milli staða, í stað þess til dæmis að þurfa að keyra alla leið frá Reykjavík.“ Á Akureyri eru tveir leigubílar sem bjóða upp á þjónustu við fólk í hjólastólum. Á Ísafirði er einn. Þekkingarmiðstöðin hefur ekki upplýsingar um fleiri staði.

Mesta vandamálið við ferðalög innanlands er skortur á upplýsingum um aðgengi. „Almennt getur fólk gengið að því vísu að það komist á salerni í vegasjoppum, en fyrir hreyfihamlaða getur þetta orðið hvimleitt vandamál,“ segir Guðný. „Það getur kostað mikla vinnu að hringja á milli staða og athuga aðstöðuna og þurfa svo að skipuleggja ferðina þannig að þeir komist örugglega á salernið og ákveða staðina fyrir fram.“

Það sama gildir um aðstöðu á tjaldstæðum og gistiheimilum. „Flest okkar geta einfaldlega farið í næstu sundlaug ef það er ekki sturtuaðstaða á svæðinu. Þetta getur verið flókið fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Þeir þurfa að athuga aðstæður, til dæmis hvort þeir komist í sturturnar og hvort sú aðstoð sem þeir þurfi sé fyrir hendi. Það er alls ekki sjálfsagt, þótt almenningur gangi að þessum hlutum sem vísum.“ Einnig getur verið erfitt að finna hvaða gististaðir eru aðgengilegir hreyfihömluðu fólki.

Hægt er að leita til Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar til að fá upplýsingar um aðstöðu úti á landi.

## Hópferðabílar

Hópferðabílar með lyftum eru yfirleitt ekki í almennri notkun. Því þarf að láta sérstaklega vita ef einhver í hópnum þarf á slíkri aðstoð að halda.

Almennar áætlunarferðir hafa ekki slíkar lyftur, þar með taldar ferðir á flugvöllinn. Einstaklingar í hjólastólum þurfa því að treysta á aðstoð vina og ættingja eða taka leigubíl á flugvöllinn vilji þeir ekki skilja eigin bíl eftir þar. Þess má geta að þar sem þessir einstaklingar þurfa að taka stóran leigubíl þurfa þeir stundum að borga aukalega fyrir það. Þetta getur því þýtt mikinn aukakostnað.

Þess ber að geta að flugrúta á vegum Icetrips býður hreyfihömluðu fólki að hafa samband ef leið liggur á flugvöllinn og það er oft ódýrari kostur en leigubíll.

## Skipulagðar ferðir

Nokkur fyrirtæki á Íslandi sjá um að skipuleggja ferðir um landið sem fatlaðir geta tekið þátt í. Sem dæmi má nefna Iceland Unlimited en þar starfar hreyfihamlaður maður sem hefur skilning á hvað gæti vantað og fyrir hverja ferðin gæti hentað. Auk þess eru fyrirtækin All Iceland Tours og Ice 8x8 með lausnir fyrir fatlaða ferðalanga sem vilja njóta lífsins og ferðast eins og hver annar ófatlaður maður.

# *Ford T var fyrsti bílaleigubíllinn*

Sögu bílaleigubíla má rekja aftur til ársins 1916 þegar Joe Saunders frá Nebraska ákvað að lána Ford T bílinn sinn til kaupsýslumanna sem sóttu fylkið heim. Þessi mikli frumkvöðull festi kílómetramæli við vinstra framhjól bílsins og rukkaði mennina um tíu sent fyrir hverja 1,6 ekna kílómetra. Peningarnir áttu að duga fyrir viðhaldi bílsins sem var honum afar kær.

Það leið ekki á löngu þar til Saunders áttaði sig á því að þarna var komin fyrirtaks viðskiptahugmynd. Hann stofnaði fyrirtæki og árið 1925 var bílaleigan starfandi í 21 ríki.

Keppinautar voru fljótir að kveikja á perunni. Maður að nafni Walter L. Jacobs fór að leigja út nokkra tugi Ford T bíla og árið 1923 var hann orðinn helsti keppinautur Saunders. Jacobs myndaði bandalag við John Hertz, eiganda The Yellow Cab verksmiðjunnar í Chicago, sem að endingu keypti bílaleigu Jacobs. Það varð upphafið að Hertz bílaleigunni sem síðar breiddist út um allan heim. Í dag er hún starfandi á 7.700 stöðum í 145 löndum.

Joe Saunders frá Nebraska ákvað að lána kaupýslumönnum sem sóttu fylkið heim Ford T bílinn sinn gegn gjaldi. Hann festi kílómetramæli við vinstra framhjól bílsins og þar með var kominn vísir að fyrstu bílaleigu heims. Þetta var árið 1916.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is sími 512 5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal




Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt
Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*
Póst dreifing
Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

# Nýir bílar tryggja öryggi viðskiptavinarins

Megináherslur bílaleigunnar Átaks felast í traustri og góðri þjónustu. Bílafloti leigunnar samanstendur einungis af nýjum bílum. Íslendingar nýta sér bílaleigubíla í meira mæli en áður fyrir sumarleyfin og skammtímaleigu yfir vetrartímann.




„Viðskiptavinum okkar finnst mikilvægt að vita til þess hve nýr bílafloti okkar er," segir Jóhannes Sigurðsson, framkvæmdastjóri Átaks . MYND/ERNIR

Bílaleigan Átak var stofnuð árið 1979 og er ein elsta starfandi bílaleiga landsins. Átak hefur alla tíð lagt mikla áherslu á góða þjónustu og sveigjanleika gagnvart viðskiptavinum sínum. Jóhannes Sigurðsson, framkvæmdastjóri Átaks, segir viðskiptavini fyrirtækisins alltaf skipa fyrsta sætið. „Við höfum á að skipa framúrskarandi starfsfólki sem er boðið og búið til að aðstoða viðskiptavini okkar og mæta þeim sérkröfum sem þeir óska eftir. Það á sérstaklega við um þann fjölda erlendra ferðamanna sem kemur hingað og dvelur í nokkra daga. Slíkir ferðamenn mega ekki við óþarfa töfum og þá skiptir öllu máli að bregðast hratt og örugglega við óskum þeirra." Höfuðstöðvar bílaleigunnar Átaks eru á Smiðjuvegi í Kópavogi en auk þess er fyrirtækið með glæsilega starfsstöð við Leifsstöð þar sem tekið er á móti erlendum ferðamönnum og íslenskum ferðalöngum.

## Gott úrval nýrra bíla

Átak hefur yfir að ráða fjölbreyttum bílaflota sem hentar þörfum allra viðskiptavina. Bílaleigan býður upp á úrval smábíla, jepplinga og jeppa og meira að segja litlar rútur og lúxusbíla. Rík áhersla er lögð á gott úrval vel útbúinna bíla. Bílafloti Átaks er að öllum líkindum sá yngsti meðal bílaleiga hérlendis enda eru allir bílar árgerð 2011 og 2012. Bílarnir koma frá ýmsum framleiðendum, meðal annars Volkswagen, Nissan, Suzuki og Hyundai. „Það eru þó bílar í millistærð eins og jepplingar sem eru vinsælastir hjá okkur og þá sérstaklega hjá erlendum ferðamönnum. Viðskiptavinum okkar finnst gríðarlega mikilvægt að vita til þess hve nýr bílafloti okkar er. Það skiptir miklu máli að þurfa ekki að huga að viðgerðum og viðhaldi á stuttu ferðalagi um landið þegar tíminn er naumur og allir dagar eru vel skipulagðir." Ferðamenn losna ekki bara við óþarfa viðgerðir þegar keyrt er um á nýjum bílum heldur skiptir öryggisþátturinn líka mjög miklu. „Það er gríðarlega mikill munur á nýjum bíl og tíu ára gömlum bíl. Það skiptir því miklu máli fyrir til dæmis fjölskyldur sem koma hingað saman og ferðast um landið á misgóðum vegum. Þá er mikið öryggi fólgið í því að vita til þess að bíllinn sé nýr og dekkin góð. Það getur beinlínis verið hættulegt fyrir erlenda ferðamenn að keyra á slæmum vegum hérlendis á lélegum bílum og slæmum dekkjum."

## Íslendingar leigja oftar bíla en áður

Stærstur hluti viðskiptavina Átaks eru erlendir ferðamenn. „Flestir viðskiptavinir okkar koma yfir sumartímann enda heimsækja flestir ferðamenn Ísland á þeim tíma. Þetta er öll flóran, einstaklingar, vinahópar, hjón eða fjölskyldur. Stærstur hluti þeirra kemur í gegnum erlendar ferðaskrifstofur." En þótt stærstur hluti viðskiptavina sé erlendur færist það sífellt í vöxt að sögn Jóhannesar að Íslendingar leigi bíla, bæði til lengri og skemmri tíma. „Íslendingar eru farnir að leigja bíla mun oftar en áður, til dæmis fyrir sumarleyfi innanlands. Þá er algengt að jepplingar og jeppar séu leigðir enda oft mikill farangur með í för. Að sama skapi fá margir erlenda gesti í heimsókn og þá eru bílar oft leigðir ef sýna á gestum landið. Við höfum líka séð vöxt í langtímaleigu bíla þar sem Íslendingar leigja bíla allt upp í nokkra mánuði."

## Samstarf við tryggingafélögin

Átak býður upp á ágætt úrval aukabúnaðar með bílum sínum. Mikið úrval barnabílstóla er í boði fyrir alla aldurshópa og hægt er að leigja lokaðar kerrur fyrir farangur sem er vinsæll kostur fyrir þá sem eru á leið upp á fjöll eða eru fjarri byggðum. „Síðan leigja flestir erlendir ferðamenn GPS tæki sem hjálpar þeim að rata innanlands." Bílaleigan Átak er einnig í samstarfi við öll tryggingafélögin hérlendis. Þannig gefst viðskiptavinum tryggingafélaganna kostur á að fá bíl hjá Átaki ef þeir lenda í óhappi og ef þeir eiga rétt á bíl. „Viðskiptavinir tryggingafélaganna hafa verið mjög ánægðir með þá þjónustu og sérstaklega í ljósi þess að bílarnir okkar eru alltaf nýir."



Lokaðar kerrur eru vinsælar í lengri ferðir.



Átak leigir „Tengdamömmubox".



Átak býr yfir fjölbreyttum bílaflota sem hentar þörfum allra viðskiptavina.



Jepplingar búa yfir góðu farangursplássi.




Smábílar eru vinsælir í styttri og lengri ferðir.



Jeppar eru vinsælir í fjallaferðir.

ÁTAK
CAR RENTAL
Since 1979

# Á eigin vegum og engum háður

Valdís Vera Einarsdóttir er nýkomin heim úr ferðalagi til Danmerkur og Svíþjóðar. Þar var hún á flakki með fjölskyldunni í þrjár vikur og voru þau með bíl á leigu allan tímann. Fjölskyldan gisti á sex mismunandi stöðum og gerði ýmislegt sér til skemmtunar.

Fjölskylda Valdísar Veru Einarsdóttur kennara lagði land undir fót á dögunum. Þau flugu til Kaupmannahafnar og við komuna þangað beið þeirra bílaleigubíll sem þau höfðu pantað á netinu.

„Við vorum ótrúlega ánægð með bílinn sem við fengum. Hann var alveg nýr og mjög vel búinn. Í honum var til dæmis innbyggt GPS-leiðsagnarkerfi og því þurftum við ekki að leigja það aukalega. Konan sem átti röddina í tækinu var umsvifalaust nefnd Lísa og hún Lísa vísaði veginn og við treystum mikið á hana,“ segir Valdís og hlær.

Valdís var á ferð með manninum sínum og fjórum börnum á aldrinum eins til ellefu ára. Hún segir aldur barnanna hafa hvatt þau til að fara í ferðina í ár því á næsta ári þarf að byrja að greiða barnagjald fyrir yngsta barnið og fullorðinsgjald fyrir það elsta. „Það munar mjög miklu á því að greiða barnagjald í öll söfn og garða í stað fullorðinsgjalda. Það er gott að vera búinn að kynna sér verð og annað áður en lagt er af stað, vera búinn að lesa sér til og skipuleggja sig. Til dæmis er hægt að fá alls kyns afslætti tengda skemmtigörðunum sem er gott að geta nýtt sér. Einnig að vera búinn að athuga fjarlægðir milli staða og áætla tímalengd ferðalaga. Það er svo ótalmargt skemmtilegt hægt að gera í Danmörku, sérstaklega eitthvað sem viðkemur börnum.“


Einn af eftirminnilegustu stöðunum sem fjölskyldan heimsótti var barnamenningarhúsið í Óðinsvéum. Þar gátu börnin klætt sig í búninga og fengið andlitsmálningu og leikið sér í hinum ýmsu ævintýraleikjum.


Fjölskyldan við Egeskov höllina. Þau flökkuðu um Danmörku og Svíþjóð og skoðuðu hina ýmsu garða og söfn.

Fjölskyldan gisti á nokkrum stöðum í Danmörku og í Svíþjóð. Þau leigðu bæði sumarhús og íbúðir í einkaeigu og gistu eina nótt á hóteli. Ýmislegt var gert sér til skemmtunar á þriggja vikna ferðalaginu. „Við fórum meðal annars í Legoland og Tívolí, dýragarðinn í Köben og Astrid Lindgren garðinn í Svíþjóð þar sem við lékum okkur á slóðum Emils í Kattholti og barnanna í Ólátagarði. Eitt af því áhugaverðasta sem við gerðum var að fara í svokallað barnamenningarhús sem er á sama stað og safn H. C. Andersen í Óðinsvéum. Þar eru búningasafn, listasmiðjur og ævintýraheimur með hljóðum og alls kyns skúmaskotum. Safnið er allt á forsendum barnanna og þau nutu sín í botn,“ segir hún.


Valdís Vera mælir hiklaust með því að fólk leigi bíl í útlöndum og ferðist á eigin vegum. MYND/ERNIR

Valdís segist mæla hiklaust með þessum ferðamáta, sérstaklega fyrir fólk sem á börn. „Með því að vera í íbúð og með bíl til umráða er maður sinn eigin herra og er ekki háður tímaáætlunum annarra. Það er líka svo mikið frelsi í því að geta skotist út í búð og eldað matinn heima. Þetta var alveg yndisleg ferð og gott að hafa fjölskylduna alla saman.“



## *Akstur í ókunnu landi*

Sé ekið í ókunnu landi ætti ávallt að kynna sér aðstæður vel. Fólk sem keyrir í ókunnu landi er oftar en ekki á bílaleigubíl eða lánsbíl sem það er ekki vant að keyra og því er enn meiri ástæða til að fara að með gát.

Útlendingar sem koma hingað til lands geta fengið greinagóðar upplýsingar á vef Safetravel sem vert er að kynna sér áður en lagt er í hann enda eru akstursskilyrði hér á landi víða harla ólík því sem gerist á hraðbrautum erlendis. Hér getur til dæmis þurft að keyra yfir malarvegi, einbreiðar brýr og blindhæðir auk þess sem hægt er að reikna með því að búfénaður, sérstaklega sauðfé, sé á ferðinni með fram vegum.

Hvað malarvegi varðar þá vilja slys eiga sér stað þegar ekið er af malbiki yfir á möl og er meginástæða þess að ekki er dregið úr hraða og bifreiðin rennur því til þegar komið er inn á mölina. Sé ekið í möl á miklum hraða getur bifreiðin sömuleiðis misst gripið og farið að renna til. Þetta getur til dæmis gerst þegar bílar mætast og því ber að sýna sérstaka aðgát við þær aðstæður, færa sig til hægri og draga úr hraða.

Blindhæðir eru nær undantekningarlaust merktar sem slíkar og það sama á við um blindbeygjur en ávallt skyldi fara varlega í þær. Yfir einbreiðar brýr er reglan sú að sá bíll sem er nær brúnni á réttinn.

Það borgar sig alltaf að hægja á ferðinni þegar sauðfé sést nærri vegi. Þetta eru óútreiknanlegar skepnur og ekki gott að fá þær framan á bílinn. Fleiri gagnlegar upplýsingar og myndbönd má nálgast á www.safetravel.is.

# Skutla bílunum til viðskiptavinanna

Bílaleigan Route1 er fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði sem veitir viðskiptavinum sínum persónulega þjónustu. Sigurður Gunnarsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins en hann segist gjarnan vilja sjá Íslendinga nýta þjónustu bílaleigunnar í auknum mæli.

Bílaleigan Route1 Car Rental var stofnuð fyrir þremur árum en bílaflotinn hefur stækkað jafnt og þétt síðan þá. Nafnið vísar til þjóðvegarins.

### Persónuleg þjónusta

Fyrirtækið hefur aðsetur í Hafnarfirði en segja má að staðsetningin sé algjört aukaatriði: „Við bjóðum upp á að afhenda bíla hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu, viðskiptavininum að kostnaðarlausu,“ útskýrir Sigurður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Route1.

Greiða þarf sérstakt afhendingar- og skilagjald ef bíllinn er afgreiddur í Keflavík eða utan höfuðborgarsvæðisins. „Fyrst og fremst viljum við koma til móts við viðskiptavini okkar. Við tökum á móti þeim á Keflavíkurflugvelli, óski þeir þess, en eins getum við afhent bílana við hótel eða heimili.“ Viðskiptavinirnir geta svo skilað bílnum aftur á sama stað, en það fer eftir samkomulagi hvernig það er framkvæmt.

### Nýir bílar og leiðsagnarkerfi

Bílaflotinn samanstendur af um það bil 100 bílum af ýmsum stærðum og gerðum. „Við erum aðallega með bíla af gerðinni Suzuki, Toyota og Hyundai. Það er einfaldlega vegna þess að við teljum þetta mjög góð merki,“ segir Sigurður og bætir við: „Við erum með allt frá smábílum upp í jepplinga eins og Suzuki Grand Vitara og Toyota RAV4. Það eru bílar sem geta farið alla aðal hálfjallavegina.“ Fyrirtækið leggur áherslu á endurnýjun bílaflotans, en flestir bílarnir eru af árgerð 2011 og 2012. „Markmiðið er að vera alltaf með nýja bíla og selja þá helst eftir 15 mánuði.“


Sigurður Gunnarsson og Hafdís Sigurðardóttir afgreiðslustjóri.

Öllum viðskiptavinum stendur til boða að leigja sér GPS leiðsagnarkerfi. „Í sumar bjóðum við upp á nýtt leiðsögukerfi sem er sérhannað fyrir erlenda ferðamenn. Það aðvarar ökumenn þegar þeir nálgast erfiðari akstursleiðir eins og Sprengisand. Þá spyr tækið ökumanninn hvort hann sé örugglega á réttum bíl til að aka þessa leið.

Auk þess er búið að fjarlægja óæskilega slóða úr kerfinu. Þannig er stuðlað að öryggi ferðamanna sem þekkja ekki aðstæður á Íslandi.“

### Vilja ná til Íslendinga

Erlendir ferðamenn eru stærsti viðskiptahópur Route1 en Sigurður segist vonast til að sjá Íslendinga nýta sér þjónustuna í auknum mæli. „Við þjónustum jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og bjóðum fyrirtækjum og stofnunum að leigja bíl til lengri eða skemmri tíma á góðum kjörum. Við hvetjum Íslendinga til að hafa samband og kynna sér það sem við höfum upp á að bjóða.“

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um þjónustu Route1 á heimasíðu þeirra: bilaleigur.is.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Lúxusbíll Als Capone seldur

Cadillac V-8 frá árinu 1928, sem var í eigu glæpaforingjans Als Capone, var seldur á uppboði hjá RM uppboðshaldaranum í Michigan í Bandaríkjunum á laugardag fyrir næstum 42 milljónir íslenskra króna.

Þetta er enginn venjulegur bíll heldur sá fyrsti sem gerður var með skotheldum glerjum og ýmsum lúxusútfærslum sem þekktust ekki á þeim tíma. Bíllinn var málaður grænn og svartur í stíl við lögreglubifreiðar í Chicago árið 1928 og var útbúinn útvarpsrás þar sem hægt var að fylgjast með ferðum lögreglunnar og sírenu. Bíllinn var fóðraður með stáli til að vernda foringjann gegn skotárásum. Þá voru gluggarnir útbúnir þannig að hægt var að opna lúgu á þeim sem passaði fyrir byssuhlaup.


Al Capone er einn frægasti glæpaforingi sem uppi hefur verið.

Bíllinn á mikla sögu, var meðal annars notaður til að flytja Franklin Roosevelt, forseta Bandaríkjanna, þegar hann fór til Georgíu en stjórnvöld óttuðust um líf hans í þeirri ferð. Mörgum þótti hneykslanlegt að nota bíl glæpaforingja í þeim tilgangi.

Al Capone er þekktasti glæpaforingi sem uppi hefur verið. Hann var fæddur 1899 og varð foringi glæpagengja ungur að árum. Hann ólst upp í Brooklyn í New York en eftir að hann flutti til Chicago árið 1919 þénaði hann ótrúlega á áfengissmygli á bannárunum. Þá var hann ábyrgur fyrir fjölda morða en þegar hann loks náðist árið 1931 var hann handtekinn og dæmdur fyrir skattsvik. Al Capone lést í Flórída árið 1947.

Bíll Capone er vel þekktur meðal safnara og víst þótti að mikill spenningur yrði vegna sölunnar. Ekki kemur fram hver kaupandinn er.

Annar þekktur fornbíll var seldur á uppboðinu á laugardag. Það var Duesenberg Model SJ Convertible Victoria árgerð 1930, afar fallegur bíll sem var í eigu Pauls Whiteman, hljómsveitarstjórans kunna. Hann fór á metverði eða 957 þúsund Bandaríkjadali, næstum 117 milljónir íslenskra króna. Þeir sem vilja skoða fallega bíla sem seldir verða á næstunni geta farið inn á síðuna www.rmauctions.com.


Glæsivagn Als Capone, Cadillac V-8, árgerð 1928.



# Leiðsagnarkerfi eru nauðsynleg

Margir ferðalangar nýta sér GPS leiðsagnarkerfi þegar þeir leigja bílaleigubíl. Þau geta sparað mikinn tíma og aukið öryggi á ferðum erlendis.

Flestir Íslendingar hafa kynnst GPS leiðsagnarkerfum í bílum undanfarin ár. Búnaðurinn þykir bráðnauðsynlegur á ferðalögum erlendis þegar bíll er tekinn á leigu, hvort sem keyrt er í stórborg eða um sveitir í fjarlægum löndum. Stór hluti erlendra ferðamanna sem leigir bílaleigubíl hérlendis notar einnig slíkt tæki á ferðum sínum um landið.

Þótt búnaðurinn hafi verið notaður mikið meðal almennings undanfarin tíu ár er saga GPS leiðsagnarkerfisins mun eldri. Bandaríska fyrirtækið Etak var fyrsta fyrirtækið sem setti leiðsagnarkerfi fyrir bifreiðar á markað til almennra nota en árið 1985 var kynnt til sögunnar fyrsta leiðsagnarkerfið sem studdist við gervihnetti. Maðurinn á bak við uppfinninguna hét Steven Lobbezoo og kallaði hann tækið sitt Homer eftir sambærilegu tæki úr James Bond bíómynd.

Bæð Mitsubishi Electric og Pioneer eigna sér þó heiðurinn af fyrsta leiðsagnarkerfinu sem studdist við GPS tæknina. Það var árið 1990 en fimm árum síðar kynnti bandaríski bílaframleiðandinn General Motors fyrsta GPS leiðsagnarkerfið sem byggt var í bíla. Um var að ræða kerfið GuideStar sem byggt var í Oldsmobile bifreiðar sem fyrirtækið framleiddi. Það var þó ekki fyrr en árið 2000 sem leiðsagnarkerfin tóku stökk fram á við og hefur þróunin verið hröð undanfarin ár. Kortin sjálf eru miklu fullkomnari og hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar viðbótarupplýsingar þar inni. Það er einnig hægt að horfa á sjónvarp í gegnum sum leiðsagnarkerfin eða horfa á DVD myndir. Sum kerfin er jafnvel hægt að samþætta við GSM síma og fundabókunarkerfi. Leiðsagnarkerfin búa einnig yfir miklum upplýsingum um akstur viðkomandi bíls, til dæmis hversu langt er keyrt og á hvaða hraða.

En þótt leiðsagnarkerfin spari yfirleitt mikinn tíma og þægindi geta þau stundum komið bílstjórum í mikinn vanda. Mörg umferðarslys hafa verið rakin til rangra leiðbeininga frá leiðsagnarkerfum auk þess sem upplýsingar vantar stundum inn í kerfin. Þannig þekkjast dæmi þess að vegir og lestarteinar séu ekki merkt rétt inn í leiðsagnarkerfin með þeim afleiðingum að slys hafa orðið. Einnig geta bílstjórar fengið villandi upplýsingar þegar vegaframkvæmdir standa yfir, til dæmis þegar vegum er lokað tímabundið.

Dýrmæt ferð
Ódýr bílaleigubíll
Budget
Ertu á leiðinni til útlanda? Pantaðu ódýra bílaleigubílinn hér heima í síma 562 6060 eða á budget.is og gerðu ferðina dýrmætari.
www.budget.is



## *Avis hefur rétta bílinn fyrir þig.*

Hjá Avis finnur þú litla, stóra, kraftmikla, vistvæna, sportlega, hagkvæma
og umfram allt rétta bíla sem henta hverju tækifæri.
Hafðu samband við næstu Avis bílaleigu og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

*• Langtímaleiga • Fyrirtækjaþjónusta • Vistvænir bílar • Sendibílar • Lúxusbílar*
*• Bílaleiga hérlendis og erlendis • Þjónusta frá A-Ö*

***www.avis.is***

AVIS

Við gerum betur.



## NÝR HONDA CR-V VÆNTANLEGUR Á EVRÓPUMARKAÐ

**Fjórða kynslóð** Honda CR-V er væntanleg á Evrópumarkað í haust en Honda CR-V hefur verið með vinsælli bílum hér á landi undanfarin ár. Nýi CR-V-inn verður eyðslugrennri og með meira innrými en fyrri útgáfur.
Fjórða kynslóð Honda CR-V hefur verið á Bandaríkjamarkaði frá því í desember 2011 en nú er framleiðsla á Evrópuútgáfunni hafin í verksmiðjum Honda í Swindon á Englandi. Lítill útlitsmunur verður á Ameríku- og Evrópugerðinni en í Evrópu bjóðast dísilvélar.
Hægt verður að fá CR-V með framhjóladrifi en fram að þessu hefur hann eingöngu verið fjórhjóladrifinn. Framhjóladrifinn CR-V verður eyðslugrennri og umhverfisvænni.
Nýi bíllinn er tæknivæddari en eldri útgáfur. CR-V 2013 verður meðal annars búinn Eco Assist System sem hjálpar ökumanni að spara eldsneyti. Hljóðeinangrunin verður betri og talsmenn Honda segja að nýi CR-V-inn verði hljóðlátari en þriðja kynslóðin. Efnisgæði í innréttingum verða meiri og hönnun stólbaka dregur úr líkum á alvarlegum hálsmeiðslum við aftanákeyrslu.
Honda CR-V kom fyrst á markað árið 1995 og hefur notið mikilla vinsælda síðan. Bíllinn hefur selst í fimm miljónum eintaka í 160 löndum. Honda CR-V kom á markað í Evrópu árið 1997 og ári síðar var farið að framleiða bílinn í Swindon.



## DAUÐAVEGURINN

**Ekki er** hægt að mæla með því að ökumenn bílaleigubíla eða eigin bíla keyri hinn svokallaða Dauðaveg í Bólivíu. Að minnsta kosti ekki þeir lofthræddu.
Vegurinn liggur á milli La Paz og Coroico og er 61 kílómetri að lengd. Dauðavegurinn hefur verið kallaður „heimsins hættulegasti vegur" og áætlað er að tvö til þrjú hundruð ökumenn láti lífið við að aka veginn á ári hverju.
Vegurinn nær upp í 4.650 kílómetra hæð og breidd hans er víðast hvar aðeins 3,2 metrar og því aðeins ein akrein. Auk þess draga rigning, þoka og ryk oft úr skyggni ökumanna. Ein af vegareglunum er á þá leið að sá ökumaður sem er á niðurleið á aldrei réttinn og verður að víkja. Reglan neyðir það farartæki sem er yfirleitt á meiri hraðferð til að stoppa svo framhjáaksturinn gangi örugglega.
Vegurinn hefur verið vinsæll áfangastaður meðal áhættusækinna ferðamanna síðan um 1990. Sérstaklega hafa hjólreiðamenn sótt veginn heim vegna mikils halla hans en að minnsta kosti átján hjólreiðamenn hafa látist á veginum síðan 1998.

## FLOTT SKAGAFJARÐARALL

**Skagafjarðarrallið fór** fram um helgina og það voru Guðmundur Höskuldsson og Ólafur Þór Ólafsson á Subaru Impreza sem komu fyrstir í mark. Þeir fóru allar 12 sérleiðirnar á 1:17,26. Mikil afföll urðu í rallinu, sem tókst þó með miklum ágætum, en aðeins 10 af 17 áhöfnum skiluðu sér í mark, að sögn Feykis.
Baldur Haraldsson og Aðalsteinn Símonarson urðu í öðru sæti, 47 sekúndum á eftir sigurvegurunum á tímanum 1:18,13 en þeir óku sömuleiðis Subaru Impreza. Þriðju í mark voru Jón Bjarni Hrólfsson og Halldór Vilberg á 1:19,15 en fararskjóti þeirra var Jeep Cherokee. Ekið var um Þverárfjall, Laxárdal og Sauðárkrókshöfn fyrri daginn en þann seinni um Mælifellsdal, Vesturdal og á Nöfum á Sauðárkróki.
Bílaklúbbur Skagafjarðar hafði veg og vanda af rallinu en það mun vera eitt það stærsta sem klúbburinn hefur haldið.
Íslandsmótið í rallakstri fer síðan fram í byrjun september.





**100%**
**HEILSA**

# Njóttu AlphaDaily á hverjum degi!




**Margnota læsing:**
Vandaður postulínstappi með spennu úr ryðfríu stáli

**Umbúðir:**
Glerflaska, endurnýtanleg og umhverfisvæn

**Innihald:**
Lífrænt villiblóma hunang, "Mother" eplaedik, lífræn krydd

**Merkingar:**
Miði prentaður á endurunninn pappír

**AlphaDaily:**
100% heilsuvara sem bragð er að

Síðan ég fór að drekka AlphaDaily daglega finn ég ekki fyrir bjúg. Ég er líka laus við slen sem háði mér stundum seinnipart dags.

*Marý Lind Jóhannsdóttir*
*grunnskólakennari*

Eftir að hafa neytt AlphaDaily í nokkra mánuði er ég laus við magaóþægindi sem ég þjáðist af og meltingin er mun betri. Svo hef ég alltaf haft viðkvæma húð en hún er ekki eins þurr þegar ég drekk AlphaDaily daglega.

*Björn Ingi Stefánsson*
*Kríunesbóndi*

Hún móðir mín ráðlagði mér að drekka mikið magn af AlphaDaily á stuttu tímabili. Ég drakk heil ópsköp og viti menn, ég losnaði endanlega við þursabitið því AlphaDaily mýkti alla vöðva. Einnig sló drykkurinn á svengdar-tilfinningu og hef ég því grennst.

*Jón Ármann Steinsson*
*hönnuður og rithöfundur*

Ég tek AlphaDaily með mér í golf því drykkurinn er orkugefandi. AlphaDaily hefur mjög jákvæða virkni og góð áhrif á meltinguna.

*Örn Jónsson*
*sjúkranuddari*



Mæli eindregið með neyslu þessarar heilsuvöru.

*Hallgrímur Þ. Magnússon*
*læknir*

**Framleiðandi: hpHeilsa ehf.**
s: 555 2122 www.hpHeilsa.is

**Útsölustaðir:** Hagkaup, Víðir, Fjarðarkaup, Kostur, Melabúðin, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Garðheimar, Blómaval.
*Hægt er að skila tómum flöskum og fá áfyllingu hjá Hpheilsu ehf, Smiðjuveg 38 (rauð gata) Kópavogi.*

## Hjólbarðar

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




### Japanskar vélar Bílapartasala

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

### VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

### Smápartar.is

Smápartar er partasala sem sérhæfir sig í pörtum fyrir Subaru og Skoda,eigum orðið þó nokkuð af góðumvarahlutum í Imprezu ;97 til ;02 einig í Legasy 97 og 99.Erum einnig með Skoda Octavía 04 og 06.Einnig kaupum við Subaru og Skoda til niðurrifs. Nánari upplýsingar í síma 5675040 eða 7785040 nú eða á WWW.smapartar.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Bílaþjónusta




## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl.í s. 663 5315 og 699 6069

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**Sælugarðar.is**

→ Garðsláttur
→ Skjólveggjasmíði
→ Beðahreinsun
→ Trjáklippingar
→ Trjáfellingar
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að *kostnaðarlausu!*

**Kári sími: 824-1238**

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




Garðaumsjón: Alhliða garðyrkjuþjónusta. Halldór skrúðgarðyrkjumeistari S. 698 1215.

## Hreingerningar

### Pawel ræstingar!

Öll almenn þrif, flutningsþrif, gólfbónun, steinteppa, teppahreinsun og stigagangar. S. 842 6522

### Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Málarar

### Regnbogalitir Málningarþjónusta

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

### Málningarþjónusta Reykjavíkur

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Sólpallar, skjólgirðingar og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.




**MÁLUM OG SMÍÐUM**

Málum inni og úti.

Annast viðhald og viðgerðir fasteigna f. fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Þakviðgerðir

Margra ára starfsreynsla

**Þorsteinn Ísfeld málarameistari S. 779 3128**

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**Háþrýsiþvottur og Sandblástur**

á nánast hvað sem er

**S: 860 2130**

# ÍSBAND.IS

ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. BÍLAINNFLUTNINGUR

Þverholt 6 - 270 Mosfellsbæ - Sími 534 4433 - Fax 534 4430 - is-band@isband.is - www.isband.is

# VERSLUNARMANNAHELGARTILBOÐ

## Fram að helgi fylgir sólarsella að verðmæti 169 þús. kr með á þessu frábæra verði!

## Nú er tækifæri að stökkva á nýtt Coleman fellihýsi á einstöku tilboði



### Sedona

Verð áður með aukahlutum: **2.289.800 kr**

**Tilboðsverð: 1.789.800 kr**

***Útborgun: 448.000 kr***

**Afborgun: 23.000 kr. á mánuði í 84 mán. óverðtryggt**

### Cheyenne

Verð áður með aukahlutum: **2.789.800 kr**

**Tilboðsverð: 2.389.800 kr**

***Útborgun: 598.000 kr***

**Afborgun: 30.000 kr. á mánuði í 84 mán. óverðtryggt**



**Coleman fellihýsin eru mjög vel útbúin með 2 ára ábyrgð - rafgeymir - Truma miðstöð - 220V rafmagn - ísskápur - eldavél omfl - Eftirárshús fyrir Evrópu markað - innifalið í verð er Markísa og Decor pakki með 2 hillur með spegli og eldhúsrúlluhengi, fatapoki og 2 ljós með viftu – Cheyenne er einnig með geymslukassa að framan og hægt að fá það með heitu vatni fyrir 120 þús.kr**

**75% fjármögnun í allt að 7 ár. Tökum gamla vagninn upp í nýjan.**

**Veldu fyrsta flokks fellihýsi - Coleman er þekkt fyrir frábær gæði!**

**Glæsilegur sýningarsalur - komdu og skoðaðu!**

**Sérstaða Coleman fellihýsanna er:**

**Coleman** hefur einstakan öndunardúk í öllu húsinu sem bindur ekki inni hita og raka

**Coleman** hefur upplýftibúnað sem er úr ryðfríu stáli sem ekki þarf að hylja, vernda eða setja stoðstöng við

Gæði **Coleman** fellihýsanna endurspeglast í langri endingu sem hefur gert Coleman fellihýsin einstök í endursölu

**Íslensk-Bandaríska ehf • Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ • S. 534-4433 • Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 12-16 • www.isband.is**



# Söluvagn með öllu - tækifæri í eigin rekstri

Vagninn er um 17 fm með öllu því helsta sem þarf í tækjum og búnaði til að nota í veitinga- og sölurekstri. Rekin hefur verið hverfisverslun í vagninum en auðvelt er að draga vagninn hvert á land sem er og eru öll tilskilin leyfi til staðar. Þrjár stórar sölulúgur þar af ein bílalúga.

**Helstu tæki:** pylsupottur, djúpsteikingarpottur, hamborgarapanna, samlokugrill, steikingarpanna, kælar, búðarkassi, frystikista, tölva, wc ,vaskar, slökkvitæki , þjófavörn og hitakerfi.

**Lækkað verð nú aðeins 4,9 m. Góð kjör í boði og/eða skipti koma til greina.**



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi

**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

## Invitation til deltagelse i udbud vedrørende IT Driftssupport for Kommuneqarfik Sermersooq

Kommuneqarfik Sermersooq ønsker at indgå en aftale med en eller flere leverandører om at levere løbende IT driftssupport til kommunen. Udbudsprocessen foregår på dansk

Information om dette udbud kan fås ved at kontakte konsulent for kommunen Kristian Sørensen, ks@itmnuuk.gl.

Anmodningen skal være kommunens konsulent i hænde seneste den 10. august 2012.



KOMMUNEQARFIK **SERMERSOOQ**
Postboks 1005, 3900 Nuuk

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

## Ásland 3.
## Áfangi Deiliskipulagsbreyting

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní. 2012 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Áslands 3. áfanga í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýjum snúningshaus fyrir strætisvagna við Brekkuás og sýnir jafnframt staðsetningu biðskýlis við hann.

Deiliskipulagið verður til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2 frá 31. júlí til 11. september 2012. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 11. september 2012. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar*




## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Til sölu







Plastmódel til samsettningar í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is Finnið okkur á facebook.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.




**Kynningartilboð**
Náttúrulegar húð- og snyrtivörur frá Essential Care og Green People með 15% kynningarafslætti þessa vikuna. Ditto, Smiðjuvegi 4

**Til sölu ódýrar þvottavélar**
S. 896-8568




## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Vinsælu þunnu og mjúku peysurnar til í öllum stærðum og 7 litum. Toppar og kjólar. Flottar vörur frá frá EIK design. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

# Vilt þú verða þjónn á Hamborgarafabrikkunni?

Við leitum að þjónum í fullt starf.

Við gerum kröfur um metnað og hressleika, samskiptahæfni og þjónustulund, heiðarleika og jákvætt viðhorf til lífsins.
Umsóknir ásamt mynd sendist á fabrikkan@fabrikkan.is

**Hamborgarafabrikkan**

## Verslun




## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Dýrahald

Gullfallegur breskur bolabítur til sölu, 10 vikna. Ættbók og heilsufarsbók fylgir. Dökkbrúnn og smá hvítur. Sjón er sögu ríkari. S. 821 9809.

## Útilegubúnaður

**Stórt hústjald til sölu**
Stórt Ægishústjald úr alvöru efni í fínu lagi og lítið notað. Svefnpláss fyrir ca 6 til 8 og mjög rúmgott. Verð: 40.000 Upplýsingar í síma 8475257 og 8436923

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Meðleigjandi óskast/ co-tenant needed**
Björt og falleg 100 fm/4. herb. íbúð í Þingholtunum/101 Rvk. Looking for a reliable and orderly motivated co-tenant. Info: blackpardus@yahoo.com s. 858 9444.

2. og 3. herb. íbúðir í steinhúsi í 101 til leigu. Fyrirframgreiðsla og bankaábyrgð. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl í s. 861 6841

Til leigu 3 herb. íbúð í 105 Rvk. 135 þ. á mán. 2 mán. fyrirfram plús trygging. Laus strax. S. 8246963

## Húsnæði óskast

Húsnæði óskast á verðbilinu 90-110 þús á mánuði. Stúdíó, 2 eða 3 herb. Hægt að greiða einn mánuð fyrirfram. S. 779 1769

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna í boði

**Smíðavinna**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 696 0558.**

**Leikskólinn Skerjagarður Skerjafirði**
Óskum eftir að ráða leikskólakennara eða annað áhugasamt starfsfólk. Uppl gefur Elín í síma 822 1919 eða skerjagardur@skerjagardur.is

Starfsfólk óskast í ferðaþjónustu í þrif og öll almenn störf. Húsnæði á staðnum. Uppl. í s. 894 9249. www.horgsland.is

**Aðstoðarmaður á bor í Noregi**
Þarf að geta rafsoðið og vera liðtækur við vélaviðgerðir. Borinn er 8 tonn, borað er vatns- og varmaholur. Umsóknir sendist á: bor.noreg@gmail.com

Óska eftir starfsmanni í þrif í 3-4 tíma á dag. Uppl. gefur Elín í síma 822 1919

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## VERSLUNARMANNAHELGIN BYRJAR Í BÓNUS

**Bónus afgreiðslutími um verslunarmannahelgina**

| | |
|---|---|
| Föstudagur 3.ágúst | 10.00-19.30 |
| Laugardagur 4.ágúst | 10.00-18.00 |
| Sunnudagur 5.ágúst | 12.00-18.00 |

Mánudagur 6.ágúst
Frídagur verslunarmanna
Allar Bónus verslanir lokaðar

| | |
|---|---|
| Þriðjudagur 7.ágúst | 11.00-18.30 |

FROSNIR ÁÐEINS 170 KR. STK
100% NAUTAKJÖT
1698 KR. 10 STK.
FROSNIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR

EINNOTA GRILL
298 KR. STK
HEIMA EINNOTA GRILL

Maryland
129 KR. PK 172 G

FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
KJARNAFÆÐI LÚXUS LAMBALÆRI
1359 KR. KG

Egils Mix / Egils Appelsín
98 KR. 1/2 LTR

Bónus samloka
198 KR. STK
MEÐ HANGIKJÖTI - RÆKJUSALATI - TÚNFISKSALATI

BÚRFELL HANGIÁLEGG 143 GR
429 KR.PK

Toffypops
119 KR. PK
TOFFYPOPS KEX 125 GR

FLATKÖKUR BÓNUS 5 stk.
98 KR. 5 STK.

Æði bitar / Prins bitar / Draumur bitar
GÓU-ÞRENNAN
598 KR. 3 X 200 GR. KASSAR

Pringles
98 KR. 40 GR

KIT KAT SÚKKULAÐIKEX 3 STK.
198 KR. 3 STK.

HANDY SMOKKAR 18 STK
HUER SKEMMTUN AÐEINS 16,5 KR.
298 KR.PK

Doritos
198 KR. PK 165 GR

Varma Koppen
198 KR. PK
BLÅBAND BOLLASÚPUR 3 STK Í PK.

EURO SHOPPER

Coca-Cola zero

SALTY STICKS
ES SALTSTANGIR
98 KR. 200 GR

Egils Appelsín
129 KR. 1 LTR

7UP
198 KR. 2 LTR

COKE-KIPPA 1.5 LTR X 4
698 KR. 6 LTR

ORKUDRYKKUR ENERGY DRINK 250 ML & 500 ML
69 KR. 250 ML
95 KR. 500 ML

59 KR. 330 ML

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



47 **J. K. ROWLING,** höfundur bókanna um Harry Potter, á afmæli í dag.
*„Að heyra raddir sem enginn annar heyrir er aldrei góðs viti, ekki einu sinni í heimi galdrakarla.“*



**LES BASSES REUNÉS** Bruno Cocset, Mathurin Matharel, Sigurður Halldórsson, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir og Bertrand Cuiller koma fram á tveimur viðburðum í Skálholti á næstu dögum.

SUMARTÓNLEIKAR Í SKÁLHOLTSKIRKJU: BOÐIÐ Í FERÐALAG Í TALI OG TÓNUM

# Hljóðfæri frá 17. öld lifna við í Þorláksbúð á miðvikudaginn

Annað kvöld verður fyrsti skipulagði viðburðurinn í endurbyggðri Þorláksbúð við Skálholtskirkju. Fæðing sellósins, eða La Nascita del Violoncello, nefnist hann en þar koma fram sellóleikarinn Bruno Cocset og hljóðfærasmiðurinn Charles Riché, ásamt sveitinni Les Basses Reunés. Þar verður í tali og tónum farið yfir ríkar hefðir hljóðfæratónlistar 17. aldar í Evrópu.

„Þorláksbúð hæfir þessum hljóðfærum vel, en þau eru öll upprunnin í kringum árið 1600, svo ég geri ráð fyrir að þetta muni harmónera vel saman,“ segir Sigurður Halldórsson, sellóleikari og listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholtskirkju. Hann mun koma fram með sveitinni, bæði í Þorláksbúð og á aðaltónleikum hennar í Skálholtskirkju sem fram fara á fimmtudagskvöld. Hann segir hljóm hljóðfæranna sem spilað verður á afar óvenjulegan í eyrum hlustenda nútímans, enda sé búið að breyta mörgum þeim strengjahljóðfærum sem varðveist hafa frá þeim tíma.

Á tónleikunum verður ferðast vítt og breitt um Evrópu á 16. og 17. öld, og verður flutt tónlist eftir Diego Ortiz, Palestrina, Purcell, Marin Marais og fleiri. Þegar blaðamaður náði tali af Sigurði í gær hafði hann verið viðstaddur tvær æfingar með hópnum og var uppnuminn yfir hljómi hljóðfæranna, sem leiðarinn Bruno Cocset flutti sjálfur með sér til landsins með ferjunni Norrænu. Öll eru þau smíðuð af sama hljóðfærasmiðnum, Charles Riché. „Þetta er algjör galdur og það eru mikil forréttindi að spila með svona færum spilurum. Sjónrænt er þetta stórkostlegt, því hljóðfærin eru svo falleg og sérstök. Það verður gaman að heyra á þau spilað í kirkjunni, því hún er einstök á heimsvísu hvað hljómburð varðar,“ segir Sigurður.

Bæði dagskráin í í Þorláksbúð annað kvöld og tónleikarnir í Skálholtskirkju á fimmtudagskvöld fara fram klukkan 20.

holmfridur@frettabladid.is

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVEINÍNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

lést fimmtudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 4. ágúst kl. 14.00.

**Sverrir Haraldur Björnsson** **Ingibjörg Óladóttir**
**Anna Björnsdóttir** **Guðmundur Garðarsson**
**Sævar Rafn Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÞORSTEINSSON**
**verkfræðingur,**

lést föstudaginn 27. júlí á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 13.00.

**Sigþrúður Guðmundsdóttir** **Birgir Guðjónsson**
**Kristján Guðmundsson** **Auður Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri,

**GUNNAR J. KRISTJÁNSSON,**
**húsasmíðameistari og matsmaður,**
**Kársnesbraut 139, Kópavogi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 27. júlí sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00.

**Birna Ólafsdóttir**
**Guðrún Halla Gunnarsdóttir**
**Gunnar Ólafur Gunnarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**AÐALHEIÐUR JÓNASDÓTTIR**
**HEIÐA**
**framhaldsskólakennari,**
**Akralandi 1, Reykjavík,**

lést á Líknardeildinni í Kópavogi, föstudaginn 27. júlí. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. ágúst kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hrefna, Vilborg og Jóhanna**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GRÉTA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Grímsstöðum, Reykholtsdal,**

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, miðvikudaginn 25. júlí sl. Jarðarförin fer fram frá Reykholtskirkju, fimmtudaginn 2. ágúst nk. klukkan 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásta K. Ragnarsdóttir**
**Kristín M. Kristinsdóttir**
**Guðmundur Kristinsson** **J. Steinunn Garðarsdóttir**
**Sigurður Kristinsson** **Ósk Maren Guðlaugsdóttir**

---

†



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR SIGURJÓNSDÓTTUR**
**síðast til heimilis að Sólvangi, Hafnarfirði,**

sem lést fimmtudaginn 19. júlí sl. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sólvangs í Hafnarfirði fyrir góða umönnun hennar.

**Hilmar Karlsson** **Kristín Ingvadóttir**
**Þorleikur Karlsson** **Áslaug Hringsdóttir**
**Kristján Karlsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir mín, dóttir og systir okkar,

**SUNNA ERLENDSDÓTTIR**

lést í Kaupmannahöfn þann 19. júlí 2012. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning fyrir son hennar Daníel, rknr. 0114-15-530077. Kt. 090896-3189.

**Daníel Bjartur Guðmundsson**
**Sigurdís Sveinsdóttir**
**Erlendur Finnbogi Magnússon**
**Sveinn Sigurbjörn Erlendsson**
**María Erlendsdóttir**
**Ágústa Eva Erlendsdóttir**
**Finnbogi Þór Erlendsson**

---

†



Elsku móðir okkar, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Sólvangsvegi 3,**

sem lést mánudagskvöldið 23. júlí sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00.

**Rannveig Traustadóttir**
**Aðalbjörg Traustadóttir**
**Trausti Rúnar Traustason**
**Ingi Hrafn Traustason**
**barnabörn, barnabarnabörn og tengdabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA LÚÐVÍKSDÓTTIR**
**fyrrverandi kennari,**
**Þúfubarði 2, Hafnarfirði,**

andaðist að Sólvangi 29. júlí sl.

**Gunnar Geirsson** **Guðfinna Kristjánsdóttir**
**Lúðvík Geirsson** **Hanna Björk Lárusdóttir**
**Hörður Geirsson** **Jóhanna S. Ásgeirsdóttir**
**Ásdís Geirsdóttir** **Jón Páll Vignisson**
**Þórdís Geirsdóttir** **Guðbrandur Sigurbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR MARGRÉTAR SIGURÐARDÓTTUR**
**Faxatúni 14, Garðabæ,**

sérstakar þakkir til starfsfólks Holtsbúðar, Vífilsstöðum, fyrir einstaka umönnun.

**Kjartan Friðriksson**
**Ingibjörg Kjartansdóttir** **Salomon Kristjánsson**
**Kristín Kjartansdóttir** **Sigurður Þ. Sigurðsson**
**Anna Kjartansdóttir**
**Brynja Kjartansdóttir** **Albert B. Hjálmarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI SÆVAR ÞÓRÐARSON**
**Arnarhrauni 34, Hafnarfirði,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 24. júlí, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Ásta Ágústsdóttir**
**Ágúst Helgason** **Erika Johnson**
**Hulda Sigurveig Helgadóttir** **Þröstur Ásgeirsson**
**Örvar Helgason**
**Þóra Helgadóttir**
**barnabörn og langafabarn.**

---

†



Innilegustu þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÍÐAR PÁLSDÓTTUR**
**Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ,**
**áður til heimilis að Miðleiti 4, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 10. júlí. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skógarbæjar fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Ásta Benediktsdóttir**
**Kristrún R. Benediktsdóttir** **Jón R. Kristinsson**
**Ingibjörg K. Benediktsdóttir** **Friðrik Daníelsson**
**Árni Benediktsson** **Guðbjörg F. Ólafsdóttir**
**Páll Benediktsson** **Birna Björg Berndsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Topp vörur fyrir göngugarpa og áhugafólk um sjósport
10.890 kr.
Fjallahjálmur
29.990 kr.
Klifurlína 60m
14.900 kr.
Klifuraxir eitt verð - allar stærðir
7.720 kr.
Legghlífar
Snjóskóflur verð frá
14.250 kr.
GG-Sjósport
Fjalla- og klifursport
3.880 kr.
Karabína
4.900 kr.
Hnífur í klifurbelti
14.430 kr.
Lumex Pro ljós 185Lm
Mannbroddar verð frá
16.680 kr.
7.720 kr.
TOP klifurbelti
2.490 kr.
Vatnsheld mp3 heyrnatól
4.400 kr.
Vatnshelt mp3 hulstur
BoLL bakpokar í úrvali
18.900 kr.
Fyrir Esjuna: BoLL Trailhead 30L
34.900 kr.
Fyrir Laugaveginn: BoLL Tower 48L
38.900 kr.
Fyrir Laugaveginn: BoLL Tower 62L
48.900 kr.
Fyrir Hornstrandir: BoLL Phantom 75L
28.900 kr.
Op 13
Fyrir Hnjúkinn: BoLL Ego Lite 37L
32.170 kr.
Op 13
Fyrir Hnjúkinn: BoLL Ego Lite 47L
Sjósport
34.900 kr.
Mullion flotvinnugallar
Alvöru barna-blautb-úningar
14.900 kr.
Barnaskór og -hanskar í úrvali
GUL shadow þurrbúningar
64.900 kr.
- einnig til í barnastærðum
17.900 kr.
GUL flísgalli
9.890 kr.
Björgunarvesti
UPPSELDIR
TÖKUM VIÐ PÖNTUNUM
Islander Sit-On-Top veiðikajar
179.900 kr.
29.900 kr.
Aquatic kajakavesti
21.790 kr.
Jet-Ski vesti
Valley Aquanut sjókajakar kynningarverð
229.900 kr.
Sjóskíði og stórar blöðrur í úrvali
Seago uppblásanleg björgunarvesti verð frá
18.900 kr.
Björgunarbátar fyrir skemmtibáta
TILBOÐSVERÐ
139.900 kr.
GG-Sjósport
BoLL
MOUNTAIN & OUTDOOR GEAR
singing rock
Súðavogi 42, 104 Reykjavík • sími: 571 1020 • www.ggsjosport.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sælgæti, **6.** kusk, **8.** fornafn, **9.** bókstafur, **11.** leita að, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** til viðbótar, **18.** fát, **20.** tveir eins, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** kringum, **4.** græðgi, **5.** af, **7.** ólaglegur, **10.** viðmót, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** þjálfa, **19.** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ló, **8.** mér, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** slef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** ófriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æfa, **19.** mm.


Jói Fel
BAKARÍ

# Rekstrarstjóri hjá Jóa Fel - Hringbraut

Óskum eftir að ráð rekstrarstjóra til framtíðarstarfa í nýtt bakarí Jóa Fel við Hringbraut (JL húsið)

Viðkomandi þarf að sjá um vaktaskipun, starfsmannaráðningar, innkaup og allan daglegan rekstur á bakaríinu.

Æskilegt að viðkomandi sé ekki yngri en 25 ára og hafi starfsreynslu úr bakaríi eða veitingastaði. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á joifel@joifel.is eða hafið samband við Unni í síma 893-0076.

Holtagarðar - Smáralind - Kringlan - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR

Fasteignasalan Torg – Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is



Halla Unnur Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali

**Er með ákveðinn kaupanda að stóru og vönduðu einbýlishúsi, stærð um 350-500 fm.**

Kostur ef möguleiki er að hafa 60-80 fm vinnustofu innan eignarinnar. Einnig þarf að vera gott skrifstofurými. Ákjósanleg staðsetning er í austurhluta borgarinnar. Staðgreiðsla.



**Upplýsingar gefur Edda Bjarnadóttir í síma 6-600-700 eða edda@fasttorg.is**


# Iss piss piss

**BAKÞANKAR Erlu Hlynsdóttur**



Væri ég rukkuð fyrir að fara á salernið þá myndi ég glöð pissa á gólfið í staðinn.“ Þetta eru viðbrögð konu nokkurrar við því að eigandi vegasjoppu íhugar að láta þá sem ekkert versla borga fyrir að nota klósettið. Viðbrögðin má sjá á dv.is, undir frétt þar sem fjallað er um að eigandi Baulu í Borgarnesi sé búinn að fá nóg af „hlandrútum“ sem stoppi með tugi farþega sem fari bara á klósettið en kaupi ekkert.

**FLEIRI** lesendur dv.is eru ósáttir við eigandann. „Ef hann væri bara með eitt klósett væri þetta ekki vandamál til að byrja með; hann hefði bara ekkert átt að innrétta (sic) 5 klósetbása (sic) á (sic) hvert kyn í litlu sjoppuna sína,“ segir annar.

**ÉG ER** nú bara þannig gerð að ég hélt einmitt að salerni á vegasjoppum væru bara fyrir viðskiptavini. Allir sem hafa unnið við að þrífa salerni á mannmörgum stöðum, þar á meðal ég, vita að það kostar að halda úti snyrtilegri klósettaðstöðu. Eigandinn borgar fyrir hreinsiefni á klósett, gólf, vaska og spegla. Hann borgar fyrir tuskur, salernispappír og handsápu. Hann borgar fyrir ljósaperurnar og rafmagnið, og hann borgar fyrir heita vatnið. Síðast en ekki síst borgar hann svo laun þeim sem sér um þrifin. Ef mikil er umferðin þarf sannarlega að þrífa oft á dag.

